

80 ára
— 1941-2021 —

Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri

..... *Afmælisrit*



Meðal efnis í blaðinu:

Freydís Halldórsdóttir, fyrst kvenna til að verða blikksmiður

Viðtal við Jóhann Rúnar Sigurðsson, formann FMA

Í dagsins önn myndir úr atvinnulífi félagsmanna

Gamlar félagsmyndir frá Minjasafninu á Akureyri

Ánægðari viðskiptavinir þriðja árið í röð

Þessi viðurkenning er okkur hvatning frá viðskiptavinum um að halda áfram að gera þjónustuna einfaldari, þægilegri og betri.



LANDSBANKINN.IS

Er kominn tími á þjónustu?




Góð og reglubundin þjónustusaga viðheldur verksmiðjuábyrgð og stuðlar að hærra endursöluverði.

Bílaverkstæði Hölds er viðurkenndur þjónustuaðili fyrir:



- Allar almennar bílaviðgerðir
- Tjónaviðgerðir og sprautun
- Framrúðuskipti- og viðgerðir
- Cabas tjónamat
- Hjólastilling
- Bilanagreining
- Smurþjónusta
- Varahlutaverslun

 Við vinnum fyrir öll tryggingafélögin. 

 **461 6060**
Opíð: 8-17 virka daga

Höldur

Höldur bílaverkstæði • Þórsstíg 4 • verk@holdur.is



FÉLAG MÁLMÍÐNAÐARMANNA
AKUREYRI

Til hamingju með 80 árin

Með félagskveðju



Félag vélstjóra og málmþæknimanna

Áttatíu ára unglingur?



Jóhann Rúnar Sigurðsson.

Félag Málmíðnaðarmanna Akureyri (FMA) fagnar 80 ára afmæli sínu um þessar mundir. Við höfum sannast sagna ekki gert margt til að halda upp á þennan merka áfanga í sögu okkar annað en að gefa út þetta blað sem þú, lesandi góður, hefur nú í höndunum (eða lest af tölvuskjánum þínum, því blaðið er líka í rafrænni útgáfu inni á heimasíðunni okkar, www.fma.is) Ástæðan er auðvitað hin hvítleiða Covid-veira sem hefur raskað ansi mörgu í samfélaginu síðastliðin tvö ár. Hún blés á öll okkar áform um afmælisfagnað og veisluhöld.

Talandi um veiruna. Þegar ritnefnd þessa blaðs kom fyrst saman höfðum við uppi stór áform um að kortleggja bæinn, eins langt og við gætum aftur í tímann og til dagsins í dag, hvað varðar vélsmiðjur, blikksmiðjur og bifreiðaverkstæði; reyna að grafa upp hvar þessi verkstæði hefðu verið til húsa og hverjir störfuðu þar. Hópur elstu manna í félaginu var tilbúinn til að koma reglulega saman til grafa eftir upplýsingum og freista þess að hefja kortlagninguna. Veiran kollvarpaði líka þeim áformum. Fjöldatakmörkanir og ekki síður smithætta í viðkvæmum aldurshópi leiddu til þess að þetta merka verkefni var sett á bið. Verkið hleypur þó ekkert frá okkur og er verðugt úrlausnarefni áður en félagið fagnar 90 ára afmæli sínu.

Afmælisblaðið kemur út í blálok afmælisársins og er dreift daginn fyrir aðalfund félagsins 2022. Hér er brugðið upp svipmyndum úr sögu félagsins í þau 80 ár sem eru að baki. Rík áhersla er lögð á myndir, bæði frá gömlum tíma og deginum í dag. Hér er að finna fjölmargar myndir af félagsmönnum í dagsins önn þótt einungis sé um brotabrot af heildinni að ræða. Fleiri slíkar myndir má svo finna á heimasíðunni okkar. Hér er líka birt brot úr sögu forvera FMA, Sveinafélags járníðnaðarmanna. Við eigum þeim framsýnu drengjum margt að þakka. Svo eru hér viðtöl við ýmsa einstaklinga sem tengjast sögu FMA, stutt kynning á nokkrum fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa sem og á ýmsu sem félögum í FMA stendur til boða af hálfu félagsins. Sjón er sögu ríkari og því um að gera að skoða blaðið gaumgæfilega.

Staða Félags málmíðnaðarmanna Akureyri á þessum tímamótum er traust, bæði félagslega og fjárhagslega. Félagsmenn taka virkan þátt í starfinu, eru í flestum tilvikum sáttir við starfsemina og hvetja okkur, sem skipum stjórn félagsins, áfram til góðra verka. Þessi einhugur er ómetanlegur. Félagið hefur alla burði til að vera áfram málsvari fyrir málmíðnaðarmenn í þessum landshluta, veita víðtæka þjónustu og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra í góðu samstarfi við landssamtök á okkar sviði og önnur samtök launafólks.

Þrátt fyrir 80 ára aldurinn er Félag málmíðnaðarmanna Akureyri í fullu fjöri og í raun bara rétt búið að slíta barnsskónum. Áttatíu ára unglingur? Það gæti verið rétt lýsing á félaginu. Við erum spræk, viljug að tileinka okkur nýjungar, erum stöðugt að bæta við okkur þekkingu og erum opin fyrir nýjum áskorunum. Okkur eru allir vegir færir. Það er fagur vitnisburður um átrætt „afmælisbarn“.

Ég sendi félagsmönnum hjartanlegar hamingjuóskir. Við höldum ótraud okkar striki, félaginu sjálfu og félagsmönnum til hagsbóta.

Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður

Útgefandi: Félag málmíðnaðarmanna Akureyri

Skipagötu 14 600 Akureyri

Sími: 455 1050

www.fma.is

Útgáfudagur og ár: 2. mars 2022

Ábyrgðarmaður: Jóhann Rúnar Sigurðsson

Ráðgjafar við útgáfu: Hákon Hákonarson, Páll B. Reynisson og Brynjólfur Jónsson

Umsjón með útgáfu:

FREMRI Almannatengsl/Bragi V. Bergmann

Ljósmyndir:

Bragi V. Bergmann, Jóhann Rúnar Sigurðsson, Minjasafnið á Akureyri o.fl.

Umbrot, prentvinnsla og dreifing: Prentmet/Oddi

Upplag: 13.000 eintök. Dreift á heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, frá Grenivík til Siglufjarðar.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Forsíðan:

Á forsíðu blaðsins eru þrjár myndir sem sýna félagsmenn FMA að störfum.

Á myndinni lengst til vinstri er vélvirki í Slippnum að lagfæra skipsskrúfu. Það þarf að rýna nokkuð vel í myndina til að koma auga á hann.

Á miðmyndinni skoða bifvélavirkjarnir

Nanna Þórey Bjartmarsdóttir og Bjarki Már Hauksson undirvagninn á Toyota-bifreið á verkstæði Toyota á Akureyri.

Lengst til hægri er Lúðvík Áskelsson blikksmiður í Blikkrás, jafnan nefndur Lúlli, að störfum en hann hefur starfað í faginu í 43 ár.

NS
NÓI SÍRÍUS

GOTT... BETRA...
BESTA SETTIÐ



Breiðari samstaða eykur styrk og getu



Kristján Þórður Snæbjarnarson.

Nú þegar Félag málmíðnaðarmanna Akureyri nær þeim tímamótum að hafa starfað í 80 ár þá er okkur hollt og gott að horfa um farinn veg og þá sérstaklega á baráttu félagsins sem og iðnaðarmannasamfélagsins í heild sinni. Okkur er verulega umhugað um að bæta stöðu iðnaðarmanna á landinu öllu og þetta raðirnar. Breiðari samstaða eykur styrk og getu til þess að ná miklum árangri í kjara-
baráttu okkar félagsfólks.

Á undanförunum árum hefur samstarf iðnaðarmanna stóreflst á hinum ýmsu sviðum. Á sviði kjaramála hafa félögin unnið að því að þetta raðirnar en eftirminnilegt er samstarfið við gerð kjarasamninga 2019 þegar stór skref voru stigin í hækkun lægstu launa iðnaðarmanna auk þess sem leiðir voru opnaðar að því að stytta vinnutíma á almennum vinnumarkaði. Stórum og miklum breytingum getur fylgt ákveðin óvissa fyrir félagsfólk en það sést sífellt betur og betur hver ávinningurinn er. Til þess að ná jafn góðum árangri í viðræðum þá þarf að tryggja meiri breidd og sterka samstöðu innan þeirra félaga sem tilheyra iðnaðarmannasamfélaginu í heild sinni. Okkur rennur blóðið til skyldunnar að sækja áfram á um bætt kjör iðnaðarmanna á Íslandi.

Fyrir okkur sem hafa komið að samstarfinu þá er ljóst að Félag málmíðnaðarmanna Akureyri hefur svo sannarlega lagt sín

lód á vogarskálina í því að ýta samstarfinu áfram. Félagsleg vitund og skýr stefna skiptir þar sköpum. Ég er sannfærður um að samstarfið muni skila sér í bættum kjörum allra iðnaðarmanna á komandi árum og áratugum.

Samstarfið var formgert með opnun sameiginlegs skrifstofuhúsnæðis að Stórhöfða 31 þegar RSÍ, Samiðn, Byggiðn, FIT, MATVÍS og Graffía stigu það mikilvæga skref árið 2019. Í upphafi þessa árs, 2022, var síðan næsta skref tekið þegar VM – Félag vélstjóra og málmteknimanna bættist við í sameiginlegan rekstur og sameiginleg móttaka fyrir Stórhöfða 29-31 var opnuð. Þessi skref eru stigin til þess að bæta enn frekar þjónustu við félagsfólk hlutaðeigandi félaga og landssambanda. Augljóst er að við getum stigið enn fleiri skref fram á við þar sem horft verði til landsins alls og tryggt enn þéttara samstarf. Þar mun FMA áfram verða lykilaðili í slíkri þróun.

Ég sendi félagsfólki FMA hamingjuóskir með þessi tímamót og hvet ykkur til að halda áfram á þeirri góðu braut sem félagið hefur starfað á á undanförunum árum.

Kristján Þórður Snæbjarnarson,
formaður Rafiðnaðarsambands Íslands og
1. varaforseti Alþýðusambands Íslands





RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS

Óskum félögum í FMA til hamingju með 80 ára afmælið



RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS

Óskum  til hamingju með 80+ árin



-Stál
-Ál
-Plast

CAR-X

Það skiptir ekki máli, við lögum það allt

FJÖLBREYTT FRÆÐSLA

Í MÁLM- OG VÉLTÆKNIGREINUM

Fræðsla fyrir fagfólk í iðnaði

IDAN fræðslusetur býður upp á námskeið sem eru einstök í sinni röð. Þar má nefna hönnun, stjórnun og stýringu ýmiss konar vélbúnaðar. Sérniðin fyrirtækjanámskeið og ráðgjöf er einnig í boði.

Fræðslugreining
Námskeið
Beinar útsendingar
Hlaðvarp (Augnablik í iðnaði)
Fræðslumolar
Fyrirlestrar

Hugaðu að þinni símenntun á www.idan.is



Frábært samstarf frá fyrsta degi



Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar - sambands iðnfélaga.

Það er mér sönn ánægja sem formaður Samiðnar að fá að senda kveðju norður yfir heiðar með þessum hætti - að skrifa stuttan pistil í afmælisblað Félags málmíðnaðarmanna Akureyri í tilefni af 80 ára afmæli þess.

Samiðn - samband iðnfélaga er landssamband stéttarféлага sem varð til við samruna Málm- og skipasmíðasambands Íslands og Sambands byggingamanna árið 1993. Aðild að sambandinu á starfsfólk í fylgreinum, hársnyrtigreinum, málmteknigreinum, tækniteiknun, snyrtifræði, byggingagreinum, garðyrkju og skipasmíðum. Alls er um að ræða 12 félög og deildir og félagsmenn eru um 8.000 talsins. Þetta er fjölskrúðugur, verklaginn og tæknisinnnaður hópur ólíkra starfsstétta sem vinna saman að hagsmunamálum sínum á ýmsum sviðum.

FMA er rúmum 50 árum eldra en Samiðn en ber aldurinn býsna vel. Það er ekki einungis eitt af stofnfélögum Samiðnar, heldur átti það sinn þátt í að til landssambandsins var stofnað á sínum tíma. Fyrrum formaður FMA, Hákon Hákonarson, sat í stjórn Samiðnar um árabil og núverandi formaður félagsins, Jóhann Rúnar Sigurðsson, er varaformaður Samiðnar og mín

hægri hönd þar. Tengslin á milli Samiðnar og „afmælisbarnsins“ eru því bæði mikil og nán.

Ég þarf ekki að grafa djúpt eftir lýsingaorðum sem gefa raunsanna mynd af samskiptunum á liðnum árum og áratugum. Orðin frábært, skemmtilegt, traust og ánægjulegt, koma strax upp í hugann. Samstarfið við FMA hefur verið frábært frá fyrsta degi. Það hefur alltaf ríkt fullkomið traust í öllum samskiptum og á það hefur reynt þegar tekist er á um erfið mál og sátta leitað um ágreiningsefni. Fundirnir og þingin hafa á hinn bóginn alltaf verið ánægjuleg og jafnvel skemmtileg. Ég sakna þess nú að geta ekki haldið hringinn í kringum landið einu sinni á ári til að hitta aðildarfélag Samiðnar og heyrja í þeim hljóði. Þeim góða sið kom Samiðn á fljótlega eftir að landssambandið var stofnað en við höfum neyðst til að gera hlé í Covid-fárinu. Vonandi fer því hléi að ljúka.

Ég óska félögum í FMA hjartanlega til hamingju með stóran áfanga. Félag málmíðnaðarmanna Akureyri stendur traustum fótum - kannski sterkara en nokkru sinni fyrr. Ég vil líka þakka stjórnarmönnum félagsins fyrr og nú, og ekki síst Jóhanni Rúnari, núverandi formanni og Hákon, forvera hans, fyrir samstarf sem ekkert skyggir á. Megi félagið vaxa og dafna um ókomin ár, félagsmönnum sínum til farsældar.

Hilmar Harðarson, formaður.



Hér á síðunni og á nokkrum síðum aftar í blaðinu birtum við myndir af félagsmönnum FMA við störf sín. Á einhverjum myndum kann að vera samstarfsfólk sem ekki er í félaginu. Sem sjá má eru störfin fjölbreytileg og áhugaverð. Allt er þetta fagfólk fram í fingurgóma.



Sigurður Kristinn Pálsson hjá Car-X tjónaskoðar bíl sem er frekar illa farinn að framan.



Guðmundur Kristjánsson (t.v.) og Smári Gærdbo Árnason hjá Frosti á Akureyri.



Birgir Einarsson hjá Frumherja á Akureyri skoðar forlata Toyota-bifreið í skoðunarstöð Frumherja á Akureyri.



Freyr Þórðarson og Maciej Morawski, stálsmiðir hjá Slippnum, sjóða plötu á vegg um borð í Frosta frá Grenivík.



Hermann Stefánsson, Vélsmiðjuni Vík á Grenivík, að glíma við snúid verkefni í véladeild Slippins. Hermann hefur verið félagsmaður í FMA frá 18 ára aldri.



Gunnar Rafnsson (t.v.) og Sveinbjörn Jónsson hjá Toyota á Akureyri.



Birgir Árnason (t.v.) og Úlfar Hjálmarsson hjá Útrás.

FROST

ÞEKKING, REYNSLA OG GÓÐ ÞJÓNUSTA



Kælismiðjan Frost er brautryðjandi á sviði kæli- og frystilausna. Við vinnum af fagmennsku og áreiðanleika með okkar viðskiptavinum, og leggjum áherslu á grænar lausnir, öryggi og orkusparnað.

Náið samstarf við helstu framleiðendur og birgja gerir Kælismiðjunni Frost kleift að bjóða hagkvæm verð og vöru sem ber af hvað varðar gæði og endingu. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af vörum og miðum að því að auka skilvirkni og hámarka gæði og arðsemi fyrir þig.

Kælismiðjan Frost ehf. | Fjölnisgata 4b - 603 Akureyri
Suðurhrauni 12b - 210 Garðabæ | Háheiði 9 - 800 Selfossi | Kolding - Danmörku



Færðu nemendum í grunndeild málm- iðnaðar VMA vinnuþalla að gjöf



Sigríður Huld Jónsdóttir, skólameistari VMA, Hörður Óskarsson, brautarstjóri málmíðnbrautar VMA og Jóhann Sigurðsson, formaður FMA, með nokkrum nemendum grunndeildar málmíðnaðar, sem að sjálfsögðu skarta nýju vinnuþöllum með merkingu þeirra þriggja félaga sem stóðu sameiginlega að þessari góðu gjöf.

Skömmu eftir skólasetningu á liðnu hausti mætti Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, í heimsókn á málmíðnbraut Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA) og færði öllum fyrsta árs nemum í grunndeild málmíðnaðar heilgalla að gjöf. Að gjöfinni standa Félag málmíðnaðarmanna Akureyri (FMA), Félag vélstjóra og málmáttækimanna (VM) og Félag iðn- og tæknigreina (FIT).

Jóhann segir að bæði VM og FIT séu landsfélög og því hafi honum þótt eðlilegt að leita til þeirra um hvort þau væru tilbúin að taka þátt í að fjármagna vinnuþallaðinn á nemendum grunndeildar málmíðnbrautar VMA í samstarfi við Félag málmíðnaðarmanna Akureyri. Það hafi verið auðsött mál og þar með hafi málið verið í höfn.

„Afstaða mín er sú að fyrst ríkið leggur nemendum þetta ekki til, þá gerum við félögin það saman í staðinn. Samstarf félaganna í þessu skyni er skýrt dæmi um að við viljum í sameiningu leggja okkar af mörkum með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.“

Iðnmenntun er góður valkostur

Jóhann segir að það sé tvímælaust hagar félaganna að ungt fólk horfi á iðngreinar sem góðan valkost því iðnmenntun sé þjóðfélaginu mjög mikilvæg. Byltingarkenndar breytingar hafi orðið í þessum iðnaði og starf málmíðnaðarmanna breyst mikið frá því sem áður var. Launakjörin í málmíðnaði og tengdum greinum séu líka almennt mjög góð.

„Það nám sem VMA býður upp á er mjög gott og ofan á það geta menn svo byggt síðar, kjósi þeir svo, m.a. á háskólastigi. Það

vantar hins vegar að þeir sem eru eldri komist inn í þetta nám og við höfum rætt við menntamálaráðherra um að leysa úr þeim hlutum. Á okkar svæði er einfaldlega vöntun á menntuðu starfsfólki í þessari iðngrein og þess vegna er svo mikilvægt að við styðjum vel við og styrkjum menntunina hér í heimabyggð,“ segir hann.

Góð tengsl við fagfélagið og atvinnulífið

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri hefur lagt málmíðnbraut VMA lið með ýmsum hætti á undanförunum árum. Jóhann segir sjálfsagt mál að styðja við skólann eins og hægt sé. Hann nefnir í því sambandi að ánægjulegt sé og mikilvægt hversu góðum tengslum kennarar við málmíðnbraut skólans haldi við fagfélagið og atvinnulífið. Það sé allra hagar að menn vinni saman að því að styrkja og efla grunninn, menntunina.

„Iðnnám kostar vissulega meiri fjármuni í byrjun en á hinn bóginn skilar það sér miklu fyrr til samfélagsins. Ég held að fólk sé smám saman að opna augun fyrir þessu og því er ég bjartsýnn á að við séum á réttri leið,“ segir Jóhann Rúnar Sigurðsson.

Golfmót iðnfélaganna

Golfmót iðnfélaganna var haldið í fyrsta skipti sameiginlega sumarið 2018 á Jaðarsvelli á Akureyri en löng hefð er fyrir golfmótum flestra félaga. Mótið hefur vaxið og dafnað síðan þá og þátttaka aukist. Í september 2020 var mótið haldið í þriðja sinn og þá tóku alls 88 manns þátt í því.

Almenn ánægja var með mótið sem var í umsjón FMA og Rafiðnaðarsambandsins að þessu sinni. Ekkert mót var haldið 2021 vegna Covid-faraldursins en stefna er sett á að halda mótið á Akureyri í ágúst næstkomandi.



Mótsnefnd Golfmóts iðnfélaganna 2019, sem haldið var í bláskaparveðri á Jaðarsvelli á Akureyri það ár. Talið frá vinstri: Jóhann Rúnar Sigurðsson, Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri; Helgi Einarsson og Guðbjörn Ólafsson, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Heimir Kristins-son, Byggið.

Óskum félögum í FMA til hamingju með 80 ára afmælið



Við óskum félagsmönnum FMA til hamingju með 80 ára afmælið og þökkum góð samskipti og samstarf á liðnum árum.



Fyrst kvenna til að verða sveinn og meistari í blikksmíði

Freydís Halldórsdóttir varð fyrst kvenna hér á landi til að hefja nám í blikksmíði en hún lauk sveinsprófi árið 1984. Hún varð meistari tveimur árum seinna og tók svo „diplóma“ árið 2000, „bara til öryggis til að tryggja meistararéttindin mín, af því að þá var búið að breyta lögnum,“ eins og hún orðar það sjálf. Hún er enn í dag eina konan með meistararéttindi í blikksmíði og mjög fáar konur hafa lagt fyrir sig nám í þessari iðngrein. Freydís var líka fyrsta konan sem gekk í Félag málmíðnaðarmanna Akureyri (FMA) og sagði sjálf í blaðaviðtali á sínum tíma að það hefði verið eins og að eignast allt í einu 100 bræður.

Freydís segist ekkert hafa hugsað út í það þegar hún hóf nám í blikksmíði árið 1979, að hún væri að „mölva kynjamúra“ eins og það er gjarnan orðað í dag. „Oddur bróðir er tveimur árum eldri og var nemi í blikksmíði. Hann vann í Vélsmíðjunni Odda en ég í búð og langaði að fara í nám. Oddur spurði mig þá hvers vegna ég skellti mér ekki bara í blikksmíðina eins og hann.“

Tóku niður öll veggsþjöldin

Eftir að hafa hugsað málið og tekið ákvörðun, fór Freydís á fund Jóhannesar Kristjánssonar í Odda og bar upp erindið. Hann tók henni mjög vel, sagði að aldrei fyrr hefði kona leitað eftir vinnu í smíðjunni hjá sér og að henni væri velkomið að skoða sig um. Ef henni líkaði vinnustaðurinn mætti hún byrja strax á morgun!

Freydís er minnisstætt að á öllum skápum og víða á veggjum voru plaköt af allsnöktum konum, eins og títt var á karlavinnustöðum á þessum árum. „Karlarnir tóku mér mjög vel og þeim til hróss get ég sagt að daginn eftir, þegar ég mætti til vinnu og náms, var hvert einasta veggspjald horfið og ég sá þau aldrei aftur.“

Hún segir að þær hafi bara verið tvær konurnar í iðnnámi á þessum árum, þ.e. í þeim greinum sem karlar höfðu einokað frá upphafi. „Það var ég í blikksmíðinni og Elín Gísladóttir í trésmíði. Svo voru auðvitað konur í hárgreiðslunámi en við hittum þær mjög sjaldan, því við vorum á öðrum stað í skólanum og á öðrum tíma.“

„Ég hló bara að þessu“

Að loknu sveinsprófi 1984 hóf Freydís störf hjá blikksmíðadeild Járnsmiðjunnar Varma, sem Karl Magnússon stjórnadi. „Kalli kom að sveinsprófinu mínu sem dómari og bauð mér vinnu í kjölfarið. Ég fékk meistaragráðu 1986 og sama ár keyptu Kalli og Oddur bróðir blikksmíðadeildina af Varma og stofnuðu Blikkrás. Þar starfaði ég allt til ársins 2002 þegar við fluttum suður,“ segir hún.

Freydís slasaðist á fæti árið 1989 og átti erfitt með að vinna í tröppum og stigum eftir það. „Þá færði ég mig yfir í verkstjórn og fór minna út í bæ eftir það.“

Henni er minnisstætt atvik frá árinu 1992. Þá var hún kasólett, gengin 8 mánuði með yngri dóttur sína, Oddrunni Össu en þá eldri, Hjördísi Elmu, átti hún árið 1982, í miðju námi. „Það kom maður inn í Blikkrás, snéri sér að mér og spurði um verkstjórnann. Ég sagði honum að það væri ég. Hann horfið um



Systkinin Freydís og Oddur Helgi. Hann átti sinn þátt í að Freydís valdi blikksmíðina, fyrst íslenskra kvenna. Svo störfuðu þau saman um langt árabil.

stund á óléttukúluna mína, hnussaði og gekk svo á dyr. Þetta var í eina skiptið sem ég varð fyrir kynjafordómum í starfi en ég hló bara að þessu og vorkenndi manningum,“ segir Freydís brosandi.

Upplifði sig alltaf sem jafningja

Freydís byrjaði snemma að færa bókhaldið fyrir Blikkrás og fann að það átti mjög vel við sig. Oddur Helgi, bróðir hennar og eigandi fyrirtækisins, hefur oft sagt að hann skilji ekki hvernig hann fór að því að reka fyrirtækið áður en systir hans tók við verkstjórninni og svo bókhaldinu líka. Freydís, dæturnar tvær og eiginmaðurinn Jóhann Skírnisson flugstjóri, fluttu til Reykjavíkur árið 2002 og það ár lauk Freydís námi frá HR sem *Viðurkenndur bókarari*. Hún stofnaði fyrirtækið Fagbók strax að loknu námi ásamt bekkjarfélaganum sínum en hefur átt og starfrækt það ein frá árinu 2004.

„Ég sá um bókhaldið fyrir Blikkrás alveg þangað til COVID skall á 2020 og hef haldið góðum tengslum við fyrirtækið og gömlu vinnufélagana alla tíð. Þetta eru yndislegir karlar, allir sem einn, bæði þeir sem ég vann með í Odda, Varma og Blikkrás og ekki síður í Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri. Þeir báru mig á örmum sér allir sem einn, hjálpuðu mér ef ég var ekki alveg klár á einhverju og létu mig aldrei finna til einhvers vanmáttar af því að ég væri kona í heimi karlanna. Ég upplifði mig alltaf sem jafningja þeirra.“



Fjölskyldan, talið frá vinstri: Oddrun Assa Jóhannsdóttir, Freydís Ágústa Halldórsdóttir, Jóhann Skírnisson og Hjördís Elma Jóhannsdóttir.



Þessi mynd var tekin árið 2014 í Blikkrás. Freydís nýtti sér aðstöðuna þar til að gera bak í skúffu sem svo fór beina leið í sumarbústað fjölskyldunnar.

Iðnnám mjög vanmetið enn þann dag í dag

Freydís hvetur ungt fólk til að hugleiða kosti þess að fara í iðnnám. „Þetta er mjög vanmetið nám enn þann dag í dag. Það að sitja fjögur ár á skólabeck að loknum grunnskóla, útskrifast með löggild réttindi og geta nánast gengið að góðu og vel launuðu starfi vísu úti á vinnumarkaðinum er frábær kostur fyrir allt ungt fólk. Ég tala nú ekki um eftir að sú breyting varð núna nýverið að þú getur haldið áfram í háskóla ef þú vilt ná þér í fleiri prófgráður.“

Freydís segir iðnnámið veita ákveðna undirstöðu. „Einstaklingur sem lýkur einu ári í húsasmíði, svo dæmi sé tekið, hefur öðlast ákveðinn grunn sem nýtist honum allt lífið. Jafnvel þó hann skipti yfir í aðra grein eða annan skóla að þessu eina ári loknu, kann hann alla tíð að handleika verkfæri og getur sjálfur smíðað sólpallinn við húsið sitt seinna í lífinu.“

FMA frábært félag

Sem fyrr segir er Freydís fyrsta konan sem gekk í Félag málmíðnaðarmanna Akureyri. „Forsvarsmenn félagsins – Konni og Palli og allir hinir – tóku mér fagnandi og færðu mér blóm þegar ég gerðist félagsmaður árið 1979.“

Freydís starfaði í mörg ár innan félagsins, mætti á fundi og sat Iðnþing. „Ég hafði mjög gaman af þessu félagsmálástússi og lærði heilmikið af því. Ég hef ekkert nema gott um FMA að segja. Þetta er frábært félag sem heldur vel utan um félagsmennina og gætir hagsmuna þeirra á öllum sviðum. Ég færi félaginu mínu hjartanlegar hamingjuóskir á 80 ára afmælinu og vona að konum innan raða þess eigi eftir að fjölga á komandi árum,“ segir Freydís að lokum.



Freydís Halldórsdóttir, eini kvenblikksmiður landsins, og Jón Rúnar Rafnsson, starfsmenn Blikkrásar hf. Mynd: Gollu

Mynd sem hinn þekkti ljósmyndari Gollu (Kjartan Þorbjörnsson) tók og birtist með viðtali við Freydís í Degi árið 1991.

Í dag síns önn, FMA félagar að störfum



Svavar Sigmundsson, verkefnastjóri hjá Frosti á Akureyri.



Patrekur Knudsen hjá Útrás.



Nanna Þórey Bjartmarsdóttir og Bjarki Már Hauksson skoða undirvagninn á Toyota-bífreid á verkstæði Toyota á Akureyri.



Arnþór Guðnason, starfsmaður á ryðfrúdeild Slíppsins.



Örvar Elfsson hjá Car-X.



Car-X og Bílabjörgun hafa yfir að ráða 22 starfsmönnum. Hér eru 5 þeirra, t.f.v.: Ingi Þór Garðarsson, Hjörtur Þór Garðarsson, Örvar Elfsson, Gísli Pálsson og Egill Stefán Jóhannsson.



Þráinn, Jóhann, Jón og Einar hjá Ferro Zink.



VIÐ SENDUM FÉLAGI MÁLMIDNAÐARMANNA AKUREYRI
HAMINGJUÓSKIR Í TILFNI AF 80 ÁRA AFMÆLI FÉLAGSINS.
HAFIÐ BESTU ÞAKKIR FYRIR EINSTAKLEGA GOTT
OG ÁRANGURSRÍKT SAMSTARF Á LIÐNUM ÁRUM.



Samiðn – samband iðnfélaga er landssamband stéttarfélaganna. Aðild að sambandinu á starfsfólk í bílgreinum, hársnyrtigreinum, málmteknigreinum, tækniteikun, snyrtifræði, byggingagreinum, garðyrkju og skipasmíðum.

Hákon Hákonarson, fyrrum formaður FMA



Hákon Hákonarson er annar tveggja núlifandi heiðursfélaga FMA. Hinn er Páll B. Reynisson, fyrrum varaformaður FMA. Hér stendur Hákon við hlið Jóhanns Rúnars Sigurðssonar, formanns FMA, en myndin var tekin á aðalfundi félagsins árið 2016 þar sem Hákon var heiðraður sérstaklega.

Frábært félag sem hefur alla burði til að lifa vel og dafna

Hákon Hákonarson hefur markað djúp spor í sögu Félags málmíðnaðarmanna Akureyri (FMA). Hann var kosinn ritari félagsins árið 1968, tveimur árum seinna varaformaður og árið 1976 tók hann við formennsku af Halldóri Arasyni. Hákon gegndi því embætti til ársins 2012 og var jafnframt framkvæmdastjóri félagsins í 36 ár samfleytt! Svo langur ferill er nær einsdæmi í sögu verkalyðshreyfingarinnar en það sem meira er; öllum sem til þekkja ber saman um að starfsferill Hákonar hafi verið sérlega farsæll og að undir forystu hans hafi FMA fest sig í sessi bæði félagslega og fjárhagslega.

Hákon er lærður vélvirki og var á leið í framhaldsnám til útlanda þegar Halldór, þáverandi formaður, bað hann að taka að sér formennsku í félaginu. Eftir umhugsun sló Hákon til og ætlaði að prófa þetta í tvö ár. En árin urðu sem sagt 36. „Ég hafði þó ásamt þremur vinnufélögum úr Slippstöðvarinnu hf. áður farið til Svíþjóðar, nánar til tekið til Kocum í Malmö, og unnið þar við skipasmíðar í tæpt ár. Það var afar lærdómsríkur tími bæði faglega og menningarlega.“

Hákon segir að verkefni hafi verið stór frá upphafi, bæði í félaginu sjálfu og hjá Alþýðusambandi Norðurlands (AN), en fyrstu árin starfaði hann hjá báðum; þrjú daga í viku hjá félaginu en tvo hjá AN. Hann nefnir uppbyggingu orlofshúsabyggingarinnar

á Illugastöðum sem dæmi um stórt verkefni hjá AN en uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins sem eitt stærsta verkefnið sem snéri að stéttarfélaginu á upphafsárum hans í starfi. „Kjaramálin voru líka fyrirferðarmikil, veikindaréttindi og menntamál.“

Fjölgun félagsmanna og Slippstöðvar-samningurinn

Eitt af því sem Hákon gekk í á fyrstu árum sínum í starfi hjá FMA var að fjölga félagsmönnum verulega, m.a. með því að sjá til þess að þeir sem störfuðu í málmíðnaði á félagsvæðinu væru í réttu stéttarfélagi. „Á þessum upphafsárum mínum voru félagsmenn í kringum 150, meðal annars eldsmiðir sem nú heyra sögunni til. Í dag eru félagsmenn þrisvar sinnum fleiri og það segir sína sögu um hvernig mál hafa þróast.“

Hákon nefnir einnig Slippstöðvar-samninginn sem undirritaður var á Akureyri í mars 1987. Sá samningur braut blað í samskiptum vinnuveitenda og launþegasamtakanna og varð fyrirmynd annarra í kjarasamningagerð víða um land í kjölfarið. „Við gerðum heildstæðan samning um kaup og kjör, orlof, verkfæri, vinnuföt vinnufyrirkomulag og fleira. Þessi samningur gerbreytti starfsumhverfi málmíðnaðarmanna hér og markaði jafnframt ákveðin þáttaskil fyrir iðnaðarmannasamfélagið og fjölmörg stéttarfélög á landinu.“

Hákon hrósar Gunnari Ragnars, þáverandi framkvæmdastjóra Slippstöðvarinnar, fyrir hans þátt í að þessir samningar náðust. „Gunnar var víðsýnn og sanngjarn framkvæmdastjóri sem var óhræddur við að fara ótroðnar slóðir. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að við höfum verið talsvert á undan okkar samtíð við gerð Slippstöðvarsamningsins, því slíkir vinnustaðasamningar eru mjög algengir í dag.“

Kennsla í bifvélavirkjun aftur norður

Annað stórt mál sem Hákon nefnir er að koma félagsins að kennslu í bifvélavirkjun á Akureyri. „Staðan hafði verið sú í um það bil fimmtán ár að bifvélavirkjun var ekki kennd utan Reykjavíkursvæðisins og því þurftu allir að sækja námið suður. FMA réðst í það árið 2010 að kaupa iðnaðarhúsnæði við Draupnisdötu, útbúa það til kennslu í bifvélavirkjun og leigja það um Verkmenntaskólanum á Akureyri. Hér var um risastóra fjárfestingu að ræða fyrir okkar litla félag en hún skilaði tilætluðum árangri og lyfti grettistaki í menntun bifvélavirkja norðan heiða.“

Hákon bætir því við að samstarfið við Verkmenntaskólann á Akureyri hafi alltaf verið mjög gott og skólinn hafi m.a. skipulagt markvissa endur- og símenntun félagsmanna í FMA.

„Frábærir menn með mér í stjórninni“

„Eftir á að hyggja voru öll þessi ár í starfi fyrir FMA lærdómsríkur tími fyrir mig.“ Ég fékk að vinna með góðu fólki og kynntist ótrúlega mörgum á flestum sviðum þjóðlífsins. Gæfa mín var meðal annars sú að það völdust frábærir menn með mér í stjórnina öll þessi ár. Stjórnin var mjög samstiga, við ræddum hvert mál í þaula áður en ákvörðun var tekin og stóðum svo saman sem einn maður.“

Hákon segir að samskipti við atvinnurekendur hafi líka heilt yfir verið ánægjuleg. „Það kom stundum fyrir að atvinnurekendur leituðu til mín eftir túlkun á einstökum atriðum í kjarasamningum í stað þess að leita til sinna samtaka. Í hvert sinn sem það gerðist styrktist ég í trúnni um að við værum á réttri leið.“

Hákon er tregur til að nefna einhverja sérstaklega úr stórum hópi samstarfsmanna öll þessi ár en segir að úr



Hákon Hákonarson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, eiginkona hans, í 1. maí göngunni árið 2016. Þau hjón tóku bæði virkan þátt í verkalyðsbaráttunni á Akureyri um áratugaskeið og misstu varla af þessari merku göngu öll árin.

frábærum hópi stjórnarmanna geti hann nefnt Pál Reynisson, varaformann sinn um áratugaskeið, Finnboga Jónsson, ritara félagsins til margra ára og Brynjólf Jónsson (Billa), síðar varaformann. „Ég er stoltastur af því að líta til baka og átta mig á því að stjórn félagsins tók aldrei neina stóra ákvörðun sem reyndist röng eða kom í bakíð á okkur. Það er einstakt lán.“

Engin ástæða til að sameinast öðrum félögum

Að dómi Hákonar er meginhlutverk stéttarfélags að þjóna öllu því fólki sem er innanborðs eins vel og unnt er. Í því felist meðal annars að ávaxta félagsgjöldin af kostgæfni til að tryggja að sjóðir félagsins hafi bolmagn til að mæta sem best þörfum og óskum félagsmanna.

Hann nefnir sjúkra- og orlofsstyrki, styrki til eldri félagsmanna og styrki til endurmenntunar sem dæmi um slíkan stuðning við félagsmenn. „Að mínum dómi er það skylduverk hvers félags að ávaxta sitt pund, félagsmönnum til hagsbóta. FMA hefur verið mjög farsælt í þessum efnum. Við keyptum fasteignir á góðum verði og á góðum stöðum og vorum alltaf á tánum að freista þess að ná sem bestri ávöxtun félagsgjaldanna.“

Nei við öllum bónorðum

Hákon hefur ekki tölu á „bónorðunum“ sem félagið fékk í formannstíð hans um að sameinast stærri félögum á lands-vísu. „Niðurstaða stjórnarinnar var í öllum tilvikum mjög skýrt og einróma afsvor. Félagaréttindin í FMA voru á flestum sviðum rýmri en sambærilegra félaga og

það er fjárhagslega mjög sterkt félag, eins og ég nefndi áðan. Við sáum því enga ástæðu til að sameinast öðrum. Þess í stað kappkostuðum við að eiga sem best samskipti og samstarf við önnur stéttarfélög, innan Samiðnar sem utan.“

Að gera betur á morgun en í dag

Hákon vonar að atvinnulífið á félagsvæðinu haldi áfram að eflast og þroskast, það sé forsenda fyrir tryggri framtíð félagsmanna. „Þetta tvennt helst alltaf í hendur – farsælt atvinnulíf og blómstrandi stéttarfélög.“

Aðspurður hvort hann eigi einhverja ósk til handa Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri á 80 ára afmæli þess, svarar Hákon án umhugsunar: „FMA er frábært félag sem hefur fulla burði til að lifa vel og dafna. Ég á þá ósk því til handa að forysta þess stigi reglulega á stökk og strengi þess heit að gera betur á morgun en í dag. Það gerðum við í fyrri stjórnun með reglulegu millibili og það reyndist okkur ávallt farsælt veganesti,“ segir Hákon Hákonarson.

Í dagsins önn, FMA félagar að störfum



Jónas Helgason mundar hamarinn á steðjanum, sem fylgt hefur fyrirtækin alla tíð eða vel á aðra öld.



Jón Ingi Sævarsson á ryðfrúdeild Slippsins.



Valdimar Geir Jóhannsson hjá Car-X við innstillingu í bíltölvuna.



Trausti Ómar Arnarson á bílaverkstæði Hölds.



Eggert Benjamínsson við vatnsskurðarvélina á ryðfrúdeild Slippsins.



Sóveig Ólafsdóttir, móttökustjóri Car-X í Njarðarnesi.



Embla Eir Jónsdóttir, nemi í blikksmíði og Andri Guðmundsson handlangari að störfum í Blikk- og tækniþjónustunni.

TAK

INNRETTINGAR
Stofnað 1990

- INNRETTINGAR
- INNIHURÐIR
- ÍSLENSK SÉRSMÍÐI
- RÁÐGJÖF OG TEIKNINGAR
- ÁRATUGA REYNSLA



BYGGINGAVERKTAKI
SS BYGGIR

HAFÐU SAMBAND

SS BYGGIR EHF.

Njarðarnesi 14 - 603 Akureyri - Sími 460 6100
ssbyggir@ssbyggir.is - www.ssbyggir.is

Við erum líka
á Facebook



Bronco var aðal jeppinn



Ljósmynd: Páll A. Pálsson
palli@palli.is

Myndin fræga sem Páll A. Pálsson tók af 22 Bronco-jeppum við BSA árið 1974. Páll Reynis lét sig ekki muna um að ryðverja þá alla á þremur sólarhringum!

Páll Reynisson, varaformaður Félags málmíðnaðarmanna til 20 ára og annar tveggja heiðursfélaga FMA, á heiðurinn af því að þessi merkilega mynd birtist hér í afmælisblaðinu.

Í viðtali við Pál, sem er að finna á heimasíðu FMA, nefnir hann þessa mynd sérstaklega. Orðrétt segir hann: „Nafni minni, Páll Páls á Ljósmyndastofu Páls, þá barnungur, tók fræga mynd af Bronco-röðinni fyrir framan BSA árið 1974. Hann þurfti að fara upp í krana og leika ýmsar kúnstir til að ná þessari mynd, þið verðið að fá hana til birtingar!“

Langsta vinnutörnin á ævinni

Í viðtalinu kemur fram að Páll Reynis vann í tæp 40 ár hjá BSA. Bronco-myndin var tekin á níunda starfsárinu hans þar. „Árið 1974 voru þrjú Ford-umboð á Íslandi og BSA var eitt þeirra, með sérinnflutning og allt. Við fluttum inn heilan helling af Bronco-jeppum 1973 og 1974 og þeir seldust eins og heitar lummur. Það vildu allir eiga Bronco!“

Páll segir að hann hafi ryðvarið alla þá 22 bíla sem eru á myndinni, frá föstudegi fram á mánudagsmorgun, nær hvíldarlaust. „Þetta er lengsta vinnutörn sem ég hef tekið á ævinni,“ segir hann í viðtalinu. Sjá www.fma.is

Slippurinn Akureyri ehf. óskar félagsmönnum FMA til hamingju með 80 ára afmæli félagsins



Slippurinn
AKUREYRI

Til hamingju!

Eining-Íðja sendir félagsmönnum
Félags málmíðnaðarmanna Akureyri
heillaóskir á
80 ára afmælinu



BÍLEYRI



Bifreiðaverkstæðið Bíleyri er til húsa að Laufásgötu 9 á Akureyri, þar sem BSA var um langt árabíl. Fyrirtækið hóf starfsemi 1. júlí 2019. Stofnendur og eigendur eru þeir Birgir Ingason, Bóas Ingi Jónasson og Jakob Þór Möller.

„Við unnum allir hjá Hóldi áður en ákváðum að skella okkur í djúpu lauginu og opna eigið verkstæði. Við enduðum í húsnæði BSA og á sama tíma komu strákarnir hjá RSA inn í dæmið með okkur,“ segir Bóas Ingi.

Þar vísar hann til þess að þeir Jóhann Tryggvi Unnsteinsson, Sveinn Heiðar Sveinsson og Jóhann Örn Sigurjónsson ákváðu á sama tíma að stofna fyrirtækið RSA – bílamálun og réttungar. Það varð úr að RSA tók við sprautunarhluta húsnæðisins af BSA og hóf starfsemi í september 2019. Fyrirtækin tvö eru því rekin hlið við hlið í sama húsi og hafa mikið hagræði hvort af öðru.

„Þetta hefur gengið vonum framar hjá báðum fyrirtækjunum. Fólk tók okkur opnum örmum og viðskiptavinirnir fara ánægðir frá okkur. Maður getur ekki beðið um mikið meira,“ segir Bóas Ingi.



Stofnendur Bíleyrar. T.f.v.: Birgir Ingason, Bóas Ingi Jónasson og Jakob Þór Möller.



Stofnendur RSA. Jóhann Tryggvi Unnsteinsson (t.v.) og Sveinn Heiðar Sveinsson, tveir af þremur stofnendum RSA. Á myndina vantar Jóhann Örn Sigurjónsson.



Bifreiðaverkstæði Hölds við Þórsstíg á Akureyri.

Höldur ehf. var stofnað árið 1974 og síðan þá hafa verið stundaðar viðgerðir á bílaleigubílum þar. Fyrst var það eingöngu til þess að sinna bílaleigubílum en árið 1980 gerðist Höldur umboðsaðili fyrir Heklu á Akureyri og hóf þá formlega viðgerðir á bílum fyrir almenning.

Bíla- og tjónaviðgerðaverkstæði Hölds stóð fyrst í um 300 fermetra húsnæði að Fjölnisgötu en var síðar flutt í um 1.200 fermetra hús í Draupnigötu árið 1986 og svo loks í um 2.300 fermetra húsnæði að Þórsstíg 4 árið 2014.

Í dag rekur Höldur stærstu bílaleigu landsins á Akureyri með um 5.000 bíla í rekstri yfir sumartímamann og fjölda afgreiðslustöðva víða um landið. Á Akureyri rekur félagið öfluga bílþjónustu og má þar nefna vel búið dekkjaverkstæði og bílþvottastöð við Glerártorg, bílasölu með nýja og notaða bíla og svo verkstæðin tvö að Þórsstíg 4, annað almennt og hitt eingöngu fyrir bílaleigubílana.

Höldur hefur um árabil verið umboðsaðili Heklu og Öskju á Norðurlandi og sinnt viðgerðum og þjónustu fyrir MMC, VW, Skoda, Audi, Kia, Benz og Honda. Auk þess rekur félagið eitt glæsilegasta tjónaverkstæði landsins.

Eðli málsins samkvæmt hafa bílaviðgerðir verið stór þáttur í rekstri Hölds og í dag vinna um allt land um 38 bifvélaþvirkjar hjá fyrirtækinu.

Mikil áhersla er lögð að á starfsaðstaða starfsmanna og tækjabúnaður sé eins og best er völ á. Einnig er mikil áhersla lögð á endurmenntun, bæði gegnum Iðuna og önnur umboð sem Höldur vinnur með. Höldur hefur til að mynda fengið menntaverðlaun SA.


Um 250 starfsmenn starfa að jafnaði hjá fyrirtækinu.



Ágúst Stefánsson, Ágús Arnar Ágústsson og Þröstur Agnarsson á bílaleiguverkstæði Hölds.



Guðni Jóseppson á bílaverkstæði Hölds skiptir um olíu.



Séð yfir hluta af glæsilegu réttingaverkstæði Hölds við Þórsstíg á Akureyri.

Margt í boði fyrir félagsmenn FMA

Átt þú rétt á styrk úr sjúkrasjóði?

- Sjúkrasjóður greiðir styrki um hver mánaðamót
- Greiddir eru sjúkradagpeningar vegna veikinda í fjóra mánuði og í 90 daga vegna veikinda maka og barna
- Sjúkrasjóður félagsins greiðir meðal annars styrki til líkamsræktar, útfarar, endurhæfingar og krabbameins-sköðana

Félagsmenn geta kynnt sér styrki á félagsvefnum FMA.is

Starfsmenntastyrkir FMA

- Styrkir eru greiddir um hver mánaðamót
- Styrktarsjóður félagsins greiðir meðal annars styrki til vörubifreiðaprófa og vinnuvélanámskeiða
- Félagið greiðir niður önnur námskeið sem miða að því að efla félagsmenn sem fagmenn

Kynntu þér rétt þinn á FMA.is

Námskeið og fræðsla hjá Iðunni fræðslusetri

- Félag málmíðnaðarmanna er eigandi í IÐUNNI fræðslusetri
- Málm- og véltækisvið IÐUNNAR sinnir símenntun fyrir málm- og véltækniðnað á Íslandi
- Félagar í FMA njóta niðurgreiddra námskeiða IÐUNNAR

Kynntu þér þau námskeið sem eru í boði á Iðan.is

Nýttu þér orlofssjóð félagsins

- FMA á orlofshús á Illugastöðum og í Reykjavík
- Orlofsstyrkur er í boði fyrir þá sem geta ekki nýtt sér orlofshúsakosti
- Fosshótelsmiðar, veiðikort og útilegukort á niðurgreiddu verði

Kynntu þér orlofsstyrki á FMA.is



Jóhann Rúnar í ræðustóli á aðalfundi FMA 2018.

Einhuður og samstaða eru aðalsmerki FMA

Jóhann Rúnar Sigurðsson hefur verið formaður Félags málmíðnaðarmanna Akureyri frá árinu 2012. Hann lítur yfir farinn veg og fram á við á í viðtali um félagið sitt þegar það er að stíga fyrstu skrefin inn í áttugasta og fyrsta starfsárið.

„Snemma beygist krókurinn...“ segir máltækið og það á vel við í tilviki Jóhanns. Pabbi hans, Sigurður Stefánsson, var bifvélavirki og rak lengi Bifreiðaverkstæðið Bláfell ásamt Rafni Gíslasyni. Þeir voru m.a. um tíma með Saab- og Toyota-umboðið á Akureyri. Rafn varð meistari Jóhanns Rúnars þegar hann hóf nám í bifvélavirkjun en Sigurður meistari Gunnars, sonar Rafns.

„Ég var á 16. ári þegar ég keypti Saab 96 árgerð 1967 og við pabbi gerðum hann upp saman. Bílinn var tilbúinn þegar ég tók bílprófið og strax í þessu fyrsta verki mínu setti ég stefnuna á bifvélavirkjun,“ segir Jóhann.

Jóhann var bifvélavirki í 25 ár, fyrstu árin á Bláfelli. Toyotaumboðið á Íslandi keypti rekstur Bláfells árið 1999 og í framhaldinu var bílasalan og verkstæðið sameinuð. Haukur Ármannsson keypti síðan reksturinn og Jóhann vann sem aðstoðarverkstjóri hjá honum til ársins 2005.

Afdrifarík hugmynd um afsláttarkort

Þegar hér var komið sögu langaði Jóhann að breyta til og honum bauðst viðtal um verslunarstjórastöðu hjá Stillingu varahlutaverslun og var ráðinn í framhaldinu sem verslunarstjóri hjá þeim á Akureyri og kom starfseminni af stað þar. Hjá Stillingu starfaði hann til ársins 2012 – en þá kom að öðrum þáttaskilum á starfsferlinum.

Jóhann hefur lengi haft brennandi áhuga á félagsmálum. Á aðalfundi FMA árið 2008 kynnti hann hugmynd sína að afsláttarkorti fyrir félagsmenn FMA. Málið var bókað en ekki rætt frekar. Í fundarlok spurði Jóhann hvort hann mætti taka málið að sér og það var samþykkt samhljóða. Jóhann setti saman flott afsláttarkort. Í framhaldinu fékk hann önnur stéttarfélög á Norðurlandi inn í kortið með FMA en með þann fjölda á bak við kortið fékkst t.d. rausnarlegur afsláttur af bensínkortum, einn sá mesti sem var í boði á þeim tíma. Með samvinnu félaganna fengust alls konar kostaboð á ýmsum stöðum. Afsláttarkortið mæltist mjög vel fyrir á meðal félagsmanna og þar með má segja að boltinn hafi byrjað að rúlla fyrir alvöru.

Mikill einhuður í félaginu

„Vinur minn, Finnbogi Jónsson, þá starfsmaður í Slippnum og ritari í stjórn FMA, „plataði“ mig inn í stjórnina árið eftir sem meðstjórnanda. Ég fann mig strax vel í stjórnarstörfunum og ári síðar spurði Hákon formaður mig hvort ég væri til í að verða varaformaður. Brynjólfur Jónsson, þáverandi varaformaður FMA, vildi stíga til hliðar og sagði sjálfur að það væri tímabært. Ég sló til og var kjörinn varaformaður á næsta aðalfundi.“

Jóhann segist alltaf hafa haft löngun til að vinna fyrir fólk í því að bæta samfélagið. „Ég tel mig hafa breitt bak og er alltaf til í áskoranir. Þess vegna hugsaði ég mig ekki tvisvar um þarna, og ekki heldur ári seinna, þegar Konni vildi hætta í brúnni en hann og stjórnin óskuðu eftir því við mig að ég byði mig fram í formennskuna.“

Jóhann var einróma kjörinn formaður FMA á aðalfundinum 2012 og hefur gegnt því embætti síðan. Hann segir mikinn einhug ríkja í félaginu, bæði innan stjórnarinnar og meðal félagsmanna. „Ég hef setið á státtarstóli, sáttur við féлага mína í stjórninni og félagsmenn.“



Jóhann Rúnar og eiginkona hans, Linéy Björk Jónsdóttir, að lokinni kröfugöngu 1. maí 2016. Þau hjónin eiga tvær dætur og barnabörnin eru orðin þrjú. Fyrsta barnabarnið, Rakel Mist, er í kerrunni.

Krókurinn beygðist í sömu átt...

Hann segir að vissulega hafi komið upp álita- og ágreiningsefni öðru hverju og eitthvað sem stjórnin hefði viljað að hefði gengið betur. „Stjórnin vinnur hlutina alltaf þannig að við kryfjum málin til mergjar og ræðum okkur að niðurstöðu sem einhugur ríkir um. Við leggjum okkur fram um að leysa úr öllum málum með

hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi og það hefur tekist þokkalega vel hingað til.“

Jóhann segist aðspurður ekkert hafa verið að stefna á þá leið að verða formaður í FMA. „Hún varð bara einhver veginn fyrir valinu og ég sé ekkert eftir því. Þetta hefur verið gríðarlega gefandi og lærdómsríkt.“

Þegar Jóhann var kosinn formaður gaf faðir hans honum gamlar skinnbækur með fyrstu samningum forvera FMA. „Það var ekki fyrr en þá sem ég vissi að hann hafði verið gjaldkeri hjá Sveinafélaginu, þannig að þarna kom aftur að því að krókurinn beygðist í sömu átt.“

Sameiginleg afgreiðsla í Alþýðuhúsinu

FMA hefur verið til húsa á þriðju hæð Alþýðuhússins við Skipagötu frá því húsið var tekið í notkun árið 1985. Í ársbyrjun 2012 ákvað félagið að minnka eignarhlut sinn í húsinu og stofnaði – í félagi við Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, Sjómannafélag Eyjafjarðar og Félag vélstjóra og málmáttækimanna – samvinnufélagið Stéttý. Það annast ýmis störf fyrir öll félögin sameiginlega, til að mynda afgreiðslu, símsvörun, útleigu á orlofshúsum, upplýsingagjöf til félagsmanna í öllum félögum og sitthvað fleira. >



Eining-Íðja, FMA, Hollvinir SAK og Jóhann Rúnar Sigurðsson persónulega færðu Kristnesspítala sjónvörp að gjöf til að setja upp á setustofum og herbergjum á sjúkrahúsinu árið 2016.

Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður FMA



Jóhann Rúnar og Hákoni Hákonarson, formaður FMA í áratugi. Myndin er tekin eftir aðalfund 2015 en þá var Hákoni afhent skjal til staðfestingar á því að hann hefði verið gerður að heiðursfélagi í FMA.

Jóhann segir þetta fyrirkomulag hafa gefist einkar vel og sambúðin með hinum félögum reynst farsæl. „Þetta er ekki síst nauðsynlegt vegna þess að formaðurinn og jafnframt eini starfsmaðurinn í ekki stærra félagi en okkar þarf að bera marga hatta, ef svo má segja. Ég þarf oft á fundi innan og utan félagssvæðisins og þá er gott að félagsmenn og aðrir, sem eiga við mig erindi, komi ekki að luktum dyrum. Þeir geta komið erindi sínu á framfæri eða fengið leiðbeiningar um næstu skref, ef erindið er þess eðlis.“

Stoltur af sameiginlegum samningum iðnfélaganna

Stjórnin hefur glímt við mörg krefjandi verkefni á þeim tíma sem Jóhann hefur setið á formannsstóli. „Við þurftum til dæmis að endurskoða reglur sjúkrasjóðs með reglulegum hætti og þurftum að rífa aðeins seglin, þegar útstreymið var mikið. Við höfum náð farsælli lendingu í gegnum tíðina og erum með eina hæstu nýtingu félagsmanna í endurgreiðslu á styrkjum á meðal iðnfélaganna og stöndum vel við bakkið á okkar félögum.“

Hann nefnir annað mál sem til mikilla tíðinda heyrði. „Ég sem

aður á sínum tíma var dýrt að fara í frí og erfitt að fá ódýrt húsnæði eða sumarhústaði á leigu. Orlofsjóðnum var ætlað að gera félagsmönnum kleift að komast með fjölskyldunni í frí.

„Félagið á nú tvö sumarhús á Illugastöðum og tvær íbúðir í Jaðarleiti við útvarpshúsið í Reykjavík, rétt hjá Landspítalanum í Fossvogi. Staðsetningin er í göngufæri við spítalann, en eitt af erindum félagsmanna eru læknisferðir og mikilvægt fyrir þá og fjölskyldurnar að geta haft aðgengi að íbúð á meðan svo er. Þess utan er besta fjárfestingin að geyma fé félagsins í húsnæði,“ segir Jóhann.

Félagið átti eina og hálfu íbúð áður í Ljósheimum en fór í stækkun árið 2018 og seldi íbúðirnar þar. „Ásókn í gistingu í Reykjavík var orðin meiri með stækkandi félagi. Stjórnin var einhuga um kaup á þessum eignum en staðsetningin er miðsvæðis í Reykjavík.“

Þegar Jóhann er á fundum í Reykjavík lítur hann til með eignum og útvegar það sem þarf í íbúðirnar en félagið er með þjónustu við þrif innifalda í leigunni. „Slíkt fyrirkomulag hentar mikið betur í nútímapjöldfélagi þar sem hraðinn eykst með hverju árinu,“ segir Jóhann.

Mikilvægast að hlúa að menntuninni

Covid-veiran alræmda hefur raskað mörgu í starfi FMA, eins og annars staðar. Erfitt hefur verið að halda fundi í félaginu, þar á meðal aðalfund, vinnustaðaheimsóknir hafa nánast lagst af, skrifstofan verið lokuð nokkrum sinnum tímabundið og þannig mætti áfram telja. Það horfir vonandi allt til betri vegar nú.

-En hvernig horfir framtíðin við formanninum í lok 80 ára afmælisársins?

„Þegar ég gekk í félagið voru félagsmenn um 270 talsins. Þeim hefur fjölgað jafnt og þétt og eru núna hátt í 500 en fjöldinn sveiflast til á milli ára eftir árferði. Ég er viss um að félagsmönnum á eftir að fjölga enn frekar á næstu árum. Ungt fólk er smám saman að átta sig á því að launin í málmíðnaði eru góð og störfín ekki eins líkamlega erfið og þau voru á árum áður, þökk sé örum tækni framförum.“

Hann segir það mikilvægasta af öllu í gegnum tíðina sé að hlúa að menntuninni. „Við sem búum á landsbyggðinni eigum alltaf undir högg að sækja á þessu sviði og þurfum að berjast fyrir því að námið okkar sé ekki flutt suður.“

Þess má geta að Jóhann kom að því að stofna fagrúð í VMA í málmíðnaðargreinum en sl. tvö ár hefur ekki verið unnt að halda almennilegan fund á því sviði vegna Covid.

Sprækari en nokkru sinni fyrr

Jóhann er þakklátur forverum félagsins og sérstaklega Hákonni Hákonarsyni,

sem var formaður félagsins í heil 36 ár, og öllu því góða fólki sem með honum starfaði. „Ég tók við góðu búi og stjórnin hefur kappkostað að skila því lengra fram á veginn. FMA er ekki hagnaðardrifið félag en við gætum þess vandlega að eiga fé í sjóði og hafa borð fyrir báru, eins og þar stendur.“

Hann segir málmíðnaðarmenn á félagssvæðinu sprækari en nokkru sinni fyrr og hlakki til að takast á við þau verkefni sem bíða handan við hornið. „Eitt er það sem ég vil nefna og er þakkarvert, að í allflestum tilfellum höfum við átt í góðu sambandi og samvinnu við fyrirtæki hér á svæðinu

með hagsmuni félagsmanna okkar að leiðarljósi. Þau verkefni sem koma í fangið á okkur munum við tækla með þeim einhug og samstöðu sem hafa verið aðalsmerki FMA frá upphafi,“ segir Jóhann.

Aðalfundurinn haldinn 3. mars

Jóhann óskar félagsmönnum FMA innilega til hamingju með 80 ára afmælið og bætir við: „Vonandi sjáum við í stjórninni sem flesta á aðalfundi félagsins sem haldinn verður á morgun, fimmtudaginn 3. mars á fjórðu hæðinni í Alþýðuhúsinu að Skipagötu 14.“

Í mörg horn að líta



Jóhann Rúnar Sigurðsson, þá nýkjörinn varaformaður Samiðnar, sambands iðnfélaga og Hilmar Harðarson, formaður. Myndin er tekin að loknum aðalfundi Samiðnar árið 2013.

Eins og fram kemur í viðtalinu við Jóhann hefur hann í mörg horn að líta meðfram formannsstarfinu, því hann gegnir ýmsum trúnaðarstörfum á þess vegum.

• Jóhann er í stjórn Samiðnar, sambands iðnfélaga, og hefur verið varaformaður Samiðnar frá árinu 2013.

• Jóhann situr í stjórn Hollvínasamtaka Sjúkrahússins á Akureyri sem fulltrúi verkalýðsfélaganna á Akureyri og hefur verið þar frá árinu 2014.

• Jóhann situr þriðja hvert ár í aðalstjórn Iðunnar Fræðsluseturs, endurmenntunarfyrirtækis iðnaðarmanna. Hann á sæti á málm- og véltækisviði hjá Iðunni Fræðslusetri og hefur verið í stjórn þar frá árinu 2012.



Frá fundi í norrænu samtökunum Fellesforbundet árið 2019.

• Samiðn á aðild að norræna verkalýðssambandinu Fellesforbundet og sat Jóhann þing hjá þeim sem fulltrúi Samiðnar.

• Jóhann sat í sjö ár sem fulltrúi Samiðnar í jafnréttisnefnd ASÍ, ásamt því að vera varamaður í Jafnréttisráði Íslands.

• Jóhann hefur setið í stjórn Alþýðusambands Norðurlands og í stjórn Illugastaða en það er hlutverk sem stéttarfélagin á Norðurlandi deila með sér.

• Af öðrum félagsstörfum sem tengjast formennskunni í FMA, má nefna að Jóhann hefur setið í stjórn Neytendasamtakanna sem og í stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna.

THULE
SWEDEN

Skíða- og snjóbrettabogar


Fæst í verslun okkar að Baldursnesi 4



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Málmíðnadar menn í FMA
Til hamingju með 80 ára afmælið



BYGGIÐN
Félag byggingamanna



Við sendum
félagsmönnum í FMA
hugheilar kveðjur í tilefni
80 ára afmælisins
um leið og við þökkum
ánægjuleg samskipti
á liðnum áratugum.

 **STRAUMRÁS**

Þættir úr sögu Sveinafélagis járníðnaðarmanna á Akureyri

Sveinafélag járníðnaðarmanna á Akureyri var stofnað árið 1941. Halldór Arason, fyrrum formaður FMA, skráði sögu þessa forvera FMA á 40 ára afmæli þess árið 1981 og var hún birt í 50 ára afmælisblaðinu árið 1991. Hér birtum við nokkur brot úr þessari merku sögu, sumt orðrétt úr sögu Halldórs og sumt endursagt í styttra máli, allt frá stofnun til ársins 1980 þegar nafni Sveinafélagis járníðnaðarmanna var breytt í Félag málmíðnaðarmanna Akureyri.

Forsagan

Um og fyrir áramótin 1940-41 höfðu staðið yfir miklar deilur um samninga á milli ýmissa iðn- og verkafélaga annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Launþegarnir voru óánægðir með að ört vaxandi dýrtíð væri ekki bætt upp nema að nokkru leyti og þótti þeim sem aðstaða sín hefði versnað frá því sem var. Það var því krafa þeirra félaga, sem sögðu upp samningum, að dýrtíðin yrði bætt að fullu og jafnframt hækkuðu sum félögin grunnkaupið. Þessar kröfur félaganna voru teknar til greina og þar með leystust þær deilur sem uppi voru.


Á Akureyri höfðu járníðnaðarsveinar hins vegar engan félagsskap með sér en hver einstakur hafði ráðið kaupi sínu og kjörum og mun það hafa verið eitthvað misjafnt, enda óvíst hvort nokkurt grunn- eða lágmarkskaup hafi verið ákveðið í iðninni. Hins vegar var til í bænum félag verkstæðiseigenda, Járnsmíðafélagið. Þegar hér var komið sögu, í janúar 1941, þótti járníðnaðarsveinum sem þá vantaði þann grundvöll til samningagerðar og kjarabóta sem annars staðar var fyrir hendi. Þeir töldu að tímabært væri að stofna með sér félag sem komið gæti fram fyrir hönd stéttarinnar við samninga og á öðrum sviðum.

Snör handtök

Járníðnaðarsveinarnir töldu æskilegast að stofna félag fyrir lok mánaðarins til þess að það gæti annast kjarasamningagerð fyrir þeirra hönd. Þrír menn tóku sig saman, fóru til þess fjórða og ræddu málið sem endaði þannig að ákveðið var að kalla til fundar alla þá sem réttindi höfðu í iðngreininni og ekki voru iðnrekendur. Til þessa fundar var boðað 19. janúar 1941 á Hótel Akureyri. Þar voru menn sammála um nauðsyn félagsstofnunar og í lok fundar var kosin samninganefnd sem í sátu þeir Steingrímur Sigurðsson, Eggert Stefánsson og Jón Jósepson. Nefndin tilkynnti iðnrekendum tilveru sína og umboð. Viku síðar var haldinn annar fundur til að bæta manni í nefndina í stað Jóns Jósepsonar, sem taldi sig ekki geta starfað í samninganefndinni, og var Albert Sölvason kjörinn í hans stað.

Tíu stofnfélagar

Sunnudaginn 23. febrúar 1941 komu járníðnaðarmenn saman til fundar þar sem félagið var formlega stofnað. Fyrsta stjórn þess var kosin og lögð drög að lögum þess. Á fundinum var líka lagður fram kjarasamningur sem samninganefndin hafði gert við vinnuveitendur.



Samningur Sveinafélagis járníðnaðarmanna frá árinu 1946. Sem sjá má var tímakaupið krónur 3,35 og dagvinnutíminn var frá kl. 7:30 til 18 á mánudögum, til kl. 17 hina virku dagana og 7:30 til 12 á laugardögum. Á innfelli myndinni er forsiðan sem þrýði lög félagsins sama ár.

Önnur grein laganna hljóðaði svo: „Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að sameina alla starfandi járníðnaðarmenn á Akureyri innan sinna vébanda, er með öflugu samstarfi berjist fyrir því sem verða má til hagsbóta svo sem: Aukinni þekkingu á iðninni, hækkan kaupgjalds, styttingu vinnutíma, auknum réttindum og bættum vinnuskilyrðum.“

Stofnfélagar voru tíu talsins samkvæmt gjörðabók félagsins: „Sveinn Steingrímur Sigurðsson, Eggert Stefánsson, Einar Magnússon, Karl Magnússon, Albert Sölvason, Halldór Bárðarson, Steingrímur Guðmundsson, Stefán Halldórsson, Stefán Stefánsson, Hallur Helgason.“

Jafnframt stofnun félagsins gerði það kjarasamning við atvinnurekendur í járníðnaði og var þar með orðið virkur aðili í hópi stéttarféлага. Þess má geta að félagið hét í upphafi Félag járníðnaðarsveina en því var breytt á árinu 1944 í Sveinafélag járníðnaðarmanna.

Blaktandi félagsskapur

Stjórnarmenn voru þeir sömu frá stofnun til 11. október 1942. Þá var svo komið að allir stjórnarmennirnir höfðu gerst atvinnurekendur og sagt sig úr félaginu. Þá tóku varamenn við



Starfsmenn Vélsmiðjunnar Odda gera sér glaðan dag á upphafsárum félagsins. Mynd: Minjasafnið á Akureyri.

stjórn og höfðu hana á hendi til 9. desember 1944. Á fundi sem haldinn var þann dag gengu 7 menn í félagið og kosin var ný stjórn. Hún sat til 12. janúar 1946 en þá komu járníðnaðarmenn saman til fundar til að ræða hvort halda skyldi félagsskapnum áfram.

Í fundargerð er svo til orða tekið: „Næstur tók til máls Karl Magnússon, er virðist hafa fullan hug á að blása óslökkvandi eldi í brjóst þessa blaktandi félagsskapar, fylgdi hann allur því sem hann sagði.“

Færðist nú nýtt líf í félagsskapinn en á þessum árum fór járníðnaður ört vaxandi. Innan hans voru margar iðngreinar sem skiptust á tvenns konar vinnustaði, smiðjur og bílverkstæði. Smiðjurnar voru eldri í hettunni og því ekki óeðlilegt að fyrstu félagsmennirnir væru starfsmenn þeirra.

Bifvélavirkjar bætast í hópinn

Þann 15. október 1946 gengu fyrstu bifvélavirkjarnir í félagið, 6 að tölu. Kom þá í ljós framsýni Karls Magnússonar, sem fyrr er vitnað til: 10 félagsfundir voru haldnir á árinu sem leiddu af sér gerð kjarasamninga, þátttöku í Iðnráði, stofnun verkfallssjóða og inngöngu í Alþýðusamband Íslands. Árið 1947 gerðist félagið aðili að Alþýðusambandi Norðurlands og ári síðar kaus það menn í trúnaðarráð.

Árið 1949 var lögnum breytt á þann veg að fimm menn tóku sæti í stjórn í stað þriggja áður, sama ár hélt félagið sitt fyrsta

þorablót (árshátíð) og rann ágóðinn í fánasjóð. Í júní framkvæmdi félagið svo sína fyrstu vinnustöðvun.

Fræðslumál á flug og innnganga í MSÍ

Næstu ár ríkti nokkur deyfð í starfsemi félagsins. Kjaramálin voru áfram meginverkefnið og leitað var samstarfs við önnur verkafélög. Ýmislegt hafði þegar áunnist, svo sem að ná inn í samninga ákvæði um að 1% af greiddum launum félagsmanna skyldi renna í sjúkrasjóð.

Upp úr 1960 leitaði skólustjóri Iðnskólans á Akureyri liðsinnis félagsins til að koma á fót forskóla í járníðnaðarstörfum. Það varð úr og árangur af starfi skólans var ótrúlega góður. Samskipti félagsins og Iðnskólans jukust jafnt og þétt upp frá þessu og hafa járníðnaðarmenn sótt námskeið sem haldin hafa verið í skólanum, skv. samningi milli aðila járníðnaðarins í bland við fræðslumál hins opinbera.

Árið 1964 varð Sveinafélag járníðnaðarmanna aðili að Málm- og skipasmíðasambandi Íslands (MSÍ). Þremur árum síðar náði mikill samdráttur í íslensku atvinnulífi til félaga í Sveinafélagi járníðnaðarmanna með þeim afleiðingum að hópur ungra félagsmanna fór til Svíþjóðar í atvinnuleit (1967-69). Sem betur fer komu flestir þeirra til baka nokkrum árum síðar.

Húsnæðismál

Sveinafélag járníðnaðarmanna keypti helmingshlut í orlofshúsi á Illugastöðum á móti Málmíðnaðarsambandi Íslands MSÍ á sjöunda áratug liðinnar aldar og annað hús þar að fullu

Sveinafélag járniðnaðarmanna



Steingrímur Sigurðsson, einn tíumeninganna sem stofnuðu félagið og fyrsti formaður þess.



Halldór Arason tók við formennsku af Steingrími. Halldór varð jafnframt fyrsti starfsmaður félagsins, var tvo daga í viku á skrifstofu þess frá febrúar 1971.

eftir að orlofsjóður kom til sögunnar. Árið 1980 keypti félagið húsið Sel gegnt Vaglaskógi af Félagi bankamanna.

Fyrsta fasta aðsetur Sveinafélags járniðnaðarmanna var að Strandgötu 7 þar sem það hafði herbergi á leigu sem þjónaði annarri starfsemi en félagsfundum.

Næst var félagið til húsa að Glerárgötu 32 en mörg félög í bænum voru á hrakhólum með húsnæði.

Árið 1971 hvatti hinn gamalreyndi félagsmálamaður, Tryggvi Helgason sjómaður, til þess að Sveinafélag járniðnaðarmanna, Sjómannafélag Eyjafjarðar og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri keyptu í sameiningu efri hæð hússins Brekkugötu 4, sem þá var til sölu. Það gekk eftir og þremur árum síðar keyptu félögin neðri hæðina einnig. Húsakaupin urðu félögunum þremur til mikils happs – og þess má geta að náði samstarf félögunna þriggja stendur enn, árið 2022.




Hákon Hákonarson var kjörinn formaður Sveinafélags járniðnaðarmanna árið 1976 og varð jafnframt starfsmaður félagsins og framkvæmdastjóri. Hann gegndi formennsku í félaginu og arftaka þess, Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri, til ársins 2012, í 36 ár samfleytt. Hér er hann, að undirrita samstarfssamning á milli Félags málmíðnaðarmanna Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri um endurmenntun málmíðnaðarmanna. Myndin er sennilega tekin árið 1986. Efri röð t.f.v.: Brynjar Skaptason, endurmenntunarstjóri VMA; Magnús Ottósson, í stjórn MFA og Páll Reynisson, varaformaður FMA. Fremri röð t.f.v.: Guðmundur Hjaltason, í stjórn FMA, Haukur Jónsson, kennslustjóri VMA, Bernharð Haraldsson, skólameistari VMA og Hákon Hákonarson, formaður FMA. Sjá viðtal við Hákon á bls.16-17.

Starfsmannamál og stækkun félagssvæðis

Fyrsti starfsmaður Sveinafélags járniðnaðarmanna var Halldór Arason, þá formaður félagsins. Hann hóf störf í febrúar 1971 og vann tvo daga vikunnar, mánudaga og miðvikudaga. Skrifstofan var líka opin á mánudagskvöldum til hagræðis fyrir félagsmenn. Meðal verkefna hans var innheimta á gjöldum frá vinnuveitendum en sjúkrahætur og kauptaxtar tóku líka sinn tíma. Þegar lífeyrissjóður MSÍ tók til starfa hafði félagið á hendi fyrirgreiðslu vegna lána sjóðsins til félagsmanna.

Á aðalfundi Sveinafélags járniðnaðarmanna 1976 var Hákon Hákonarson kosinn formaður og tók hann um leið við því starfi sem Halldór Arason hafði áður gegnt. Auk þess gerðist Hákon starfsmaður Lífeyrissjóðs MSÍ og Alþýðusambands Norðurlands, sem frá því ári starfræktu sameiginlega skrifstofu að Brekkugötu 4.

Upphaflega var félagssvæði Sveinafélags járniðnaðarmanna bundið við Akureyri en árið 1979 var ákveðið að það tæki til allra hreppa og kaupstaða innan Eyjafjarðarsýslu, að Siglufirði undanskildum.



FÉLAG MÁLMÍÐNAÐARMANNA AKUREYRI

Merki Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, arftaka Sveinafélags járniðnaðarmanna, var kynnt til sögunnar við nafnbreytinguna 1980.

Félagið eignast merki

Eins og fram kemur í formála var nafni Sveinafélags járniðnaðarmanna breytt í Félag málmíðnaðarmanna Akureyri árið 1980. Segja má að síðasta verk forverans og fyrsta verk FMA hafi verið að eignast félagsmerki og fána en fánasjóður hafði verið starfræktur innan eldra félagsins nánast frá stofnun þess. Árið 1980 auglýsti félagið eftir hugmyndum að fána og merki og varð tillaga Gunnlaugs Björnssonar, vélvirkjameistara og kennara við Iðnskólann á Akureyri (síðar VMA), fyrir valinu. Það merki er notað enn þann dag í dag, óbreytt.

Lýkur hér frásögninni af Sveinafélagi járniðnaðarmanna, forvera Félags málmíðnaðarmanna Akureyri.

Stjórn FMA



Stjórn FMA starfsárið 2021-2022 kom saman til fundar kvöldið áður en afmælisblaðið fór í prentun. Standandi, f.v.: Jóhann Valberg Jónsson, Arnþór Örylgsson og Jón Ingi Sævarsson. Sitjandi f.v.: Egill Geirsson, Þorsteinn Veigar Árnason, Jóhann Rúnar Sigurðsson og Eyþór Jónsson.

Nýr varaformaður á næsta aðalfundi

Eins og fram kemur í viðtalinu við Jóhann formann hefur Covid-faraldurinn raskað mörgu í starfi FMA, þar á meðal fundahaldi. Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 3. mars í Alþýðuhúsinu við Skipagötu. Fundurinn hefst kl. 18:00 í sal Lionshreyfingarinnar á fjórðu hæð.

Stjórn félagsins sér um að raða upp lista til stjórnarkjörs og ef ekki kemur fram annað framboð fyrir 15. janúar ár hvert er listi stjórnar sjálfkjörinn. Egill Geirsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs nú og óskaði eftir því að stjórnin leitaði eftir öflugum yngri einstaklingi til að koma inn í hans stað. „Þá fór ákveðin hringekja af stað. Hefðin er sú að reyna að halda stjórnarsætinu innan þess geira sem fráfarandi stjórnarmaður kemur úr og Egill kom úr blikkinu,“ segir Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður FMA.

Hann segir þetta lýsandi dæmi um eininguna í FMA. „Stjórnin var sammála um að fá öflugan einstakling af yngri kynslóðinni inn í stjórnina og við fundum hann í Bergvini Bessasyni, blikksmið hjá Blikk- og tækniþjónustunni. Þá ákvað Jóhann Valberg, núverandi varaformaður, að færa sig til hliðar í sæti meðstjórnanda og eftirláta Bergvini varaformannsembættið. Þar sem ekki kom fram annar listi mun þessi uppstilling stjórnar því verða samþykkt á aðalfundinum,“ segir Jóhann.

Hann fagnar þessari niðurstöðu og býður Bergvini Bessason, nýjan varaformann FMA, velkominn til starfa. „Við væntum mikils af honum.“ (Sjá viðtal við Bergvini á bls. 39).



Orlofshús og íbúðir FMA



FMA á tvö sumarhús á Illugastöðum, sem er sívinsæll orlofsstaður félagsmanna FMA.

Þá á félagið tvær íbúðir við Jaðarleiti í Reykjavík. Íbúðirnar eru í göngufæri við Landspítalann í Fossvogi, sem er hentugt ef félagsmaður er í lækniserindum í höfuðborginni.

Íbúðirnar við Jaðarleiti voru byggðar árið 2018 en sama ár seldi FMA eldri íbúðir sem það átti í Ljósheimum. Mikil ánægja er með þessa orlofskosti á meðal félagsmanna.



Loftmynd af Efstaleiti/Jaðarleiti í Reykjavík.



Orlofshúsabyggingin að Illugastöðum en þar á FMA 2 hús.

Leiftur frá liðinni öld

Hér í opnunni birtum við 14 myndir sem við völdum úr gríðarlega umfangsmiklu myndasafni Minjasafnsins á Akureyri. Myndirnar tengjast allar málmíðnaði og sögu FMA með einum eða öðrum hætti. Þær eru úr vélsmiðjum, blikksmiðjum, bifreiðaverkstæðum, Slippstöðinni og Iðnskólanum á Akureyri, forvera Verkmenntaskólans á Akureyri, svo eitthvað sé talið.

Mismikið er vitað um þessar myndir og fólkið á þeim. Hver mynd ber það númer sem hún er skráð undir hjá Minjasafninu á Akureyri. Lesendur eru beðnir um að senda upplýsingar sem þeir kunna að búa yfir um mynd eða myndir á netfangið hg@minjasafnid.is eða á fma@fma.is og leggja þannig sitt af mörkum við fullnaðarskráningu myndanna. Nægilegt er að setja númer viðkomandi myndar framán við upplýsingarnar.



A-06553-4



67-0777




A1-40008-b



67-0762



KEA-02149



67-0762




DagurUmslag79Golli28Mail1991a



MSTÆ-4-1109




KEA-8597



KEA_-14670



A1-40007



KEA-02149



MSTÆ-4-1103



67-0777

Aldrei verið jafn áriðandi að viðhalda virkri símenntun

-segir Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri



Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunnar fræðsluseturs.

Iðan fræðslusetur var stofnuð árið 2006 með samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu. Hildur Elín Vignir hefur verið framkvæmdastjóri hjá félaginu frá stofnun. Hún segir hlutverk Iðunnar vera að standa fyrir öflugum fræðslustarfi og auka hæfni fyrirtækja og starfsmanna í íslenskum iðnaði með fjölbreyttri fræðslustarfsemi.

„Fræðslumiðstöðvarnar höfðu verið reknar hver fyrir sína grein fram að þessu en voru að stórum hluta í eigu sömu aðila, sem voru annars vegar stéttarfélagin í iðnaði og hins vegar atvinnurekenda-hreyfingarnar,“ segir Hildur. „Að sameina þær undir einum hatti var því mikið gæfuspor.“

Iðan heldur námskeið og sinnir félagsmönnum um allt land en undanfarin ár hefur starfsemin þróast hratt. „Við erum með námskeið víða á landsbyggðinni og höfum meðal annars haldið fjölmörg námskeið á Norðurlandi. En síðustu tvö ár höfum við aukið fjölbreytnina til muna. Við höldum úti hlaðvarpi, erum með fræðslupistla og stutt fræðslumyndskaið. Svo streymum við mörgum námskeiðum þannig að félagsmenn okkar, hvar sem þeir eru staddir, hafa aðgengi að þeim.“

Covid-faraldurinn ákveðinn hraðall

Hildur segir að nú séu vefnámskeið aðgengileg á vef Iðunnar, hvenær sem félagsmönnum hentar. „Jafnframt höfum við þróað leiðir til að vera með blandaða kennslu. Þú skráir þig á námskeið hjá okkur, færð aðgengi að alls kyns fróðleik rafrænt og svo kemur þú á staðinn og tekur hugsanlega verklega þjálfun því til viðbótar. Fjölbreytileikinn í fræðslumiðluninni er orðinn miklu meiri en hann var.“

Covid-19 faraldurinn var ákveðinn hraðall fyrir starfsemi Iðunnar að sögn Hildur en hún segir að Iðan hafi verið byrjuð að undirbúa sig fyrir tæknibreytingar. „Fyrir Covid vorum við byrjuð að miðla af þekkingu okkar rafrænt, setja upp upptökustúdíó og gera ýmsar tilraunir á þessu sviði. Svo brast Covid á og þá – á einungis tveimur sólarhringum – breyttum við öllu okkar fræðsluframbóði eins og hægt var yfir í rafrænt form. Covid einfaldlega kallaði á hraðari framþróun, þótt þetta hafi verið á stefnuskránni okkar frá síðustu stefnumótun.“

Örar breytingar í nútímasamfélagi

Nýjungar og breytingar eru sannarlega örar í nútímasamfélagi og það á einnig við þær greinar sem Iðan fræðslusetur þjónustar. Hildur segir að símenntun hafi aldrei verið eins áriðandi og nú fyrir félagsmenn.

„Það er mjög mikilvægt að bjóða upp á markvissa fræðslustarfsemi fyrir félagsmenn okkar. Við erum líka með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um að halda utan um framkvæmd sveinsprófa um allt land. Það er misjafnt eftir greinum hvar sveinsprófin eru haldin en við erum alltaf með töluvert af sveinsprófum á Norðurlandi ár hvert. Við höfum líka verkefnastýrt raunfærnimati í löggiltum iðngreinum síðan 2007. Staðreyndin er sú að gríðarlegur fjöldi fólks hefur starfað í okkar greinum í gegnum árin án þess að

hafa lokið námi eða sveinsprófi. Við höfum í gegnum raunfærnimatið hjálpað mjög mörgum á þeirri vegferð sinni að klára það.“

Hún segir að nýjungar og nýjar áskoranir skjóti stöðugt upp kollinum og að ekkert bendi til þess að hægjast muni á þeirri þróun. „Þeir sem ekki uppfæra sig þekkingarlega geta átt á hættu á að missa af ákveðnum vaxtar- og þróunartækifærum. Þar kemur Iðan fræðslusetur sterk inn.“



Farsælt samstarf Iðunnar og FMA

Hildur segir að samstarf Iðunnar og FMA hafi alla tíð verið afskaplega gott og ánægjulegt. Það skipti miklu máli að vera í góðum tengslum við eigendur og félagsmenn.

„Við höfum til dæmis haldið bransadaga víða um land þar sem við kappkostum að styrkja tengslin við félagsmenn. Svo höfum við farið markvisst í fyrirtækjaheimsóknir, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Við skipulagningu á þessum þáttum hefur FMA komið sterkt inn og samstarfið við félagið hefur verið mjög ánægjulegt öll þau ár sem Iðan hefur starfað.“

Iðan, í samstarfi við SÍMEY og VMA, annast raunfærnimat á Norðurlandi. Iðan er líka í nánun samstarfi við erlend fyrirtæki til þess að fylgjast vel með nýjungum. „Við höfum verið í mjög miklu erlendu samstarfi í gegnum árin og tekið þátt í ýmsum þróunarverkefnum og

komið með nýja þekkingu inn til landsins í gegnum það. Í því sambandi má nefna að neman geta sótt hluta af vinnustaðarnámi sínu erlendis og fengið til þess styrki frá ESB sem við höldum utan um.“

Mikill kynjahalli í málmiðnaði

Hildur er meðvituð um þann mikla kynjahalla sem er í málmiðnaði á Íslandi. Hún segir að Iðan standi fyrir ýmsum verkefnum til þess að kynna iðngreinar fyrir ungmönnum. „Eitt af því sem við höfum staðið fyrir er verkefni sem heitir Verkin tala. Þar vinnum við markvisst að

því að efla náms- og starfsráðgjöf fyrir ungmenni og kynna þeim þá möguleika sem felast í iðnnámi.“

Hún segir að sem betur fer sjáist þegar ákveðnar breytingar í rétta átt. „Þegar nýlegar rannsóknartölur í námi í bíliðngreinum eru skoðaðar, sést að hlutur kvenna hefur lagast töluvert. Staðan er sem betur fer að breytast og þessi störf kalla ekki lengur meira á annað kynið en hitt. Aukin tækni hefur leyst mörg vandamál, ekki síst sem snúa að líkamlegu erfiði starfanna.“



Raunfærnimat

Raunfærnimat er leið til að meta til náms þá færni og þekkingu sem öðlast má á vinnumarkaði. Matíð getur mögulega stýtt nám og verið hvatning til að ljúka því. Kynntu þér málið á IDAN.is

Fyrirtækjastyrkir IÐUNNAR

Fyrirtæki sem greiða endurmenntunargjöld til IÐUNNAR og eru í skilum eiga rétt á að sækja um fræðslustyrki vegna náms og fræðslu starfsmanna. Fáir fyrirtæki styrk eru ekki veittir einstaklingsstyrkir hjá því fyrirtæki fyrir sama námskeið

Námssamningar

IÐAN fræðslusetur sér um gerð námssamninga í mál- og véltækni greinum fyrir nemendur sem ekki nýta sér rafræna ferilbók.



Góð þjónusta breytir öllu

Við bjóðum eldri borgurum, sem ekki hafa tók á að nýta sér Íslandsbankaappið eða netbanka, að hringja í okkur í sérstakt **símanúmer 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.



Fjölbreytt starfsemi Kraftbíla

Kristján B. Jónsson, eigandi og framkvæmdastjóri Kraftbíla ehf., stofnaði fyrirtækið í þeirri mynd sem það er rekið í dag árið 2013. Saga Kraftbíla nær þó alla leið aftur til ársins 1996 þegar Kraftur hf. stofnaði útibú á Akureyri. Fyrirtækið var fyrst til húsa að Draupniskgötu 6 á Akureyri en í október árið 2018 var flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Lækjarvöllum 3-5 í Hörgársveit.



Alhliða þjónustuverkstæði fyrir vörubíla, vinnuvélar og búvélar

Í dag reka Kraftbílur alhliða þjónustuverkstæði fyrir vörubíla, vinnuvélar og búvélar. Velta fyrirtækisins hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun. Í árslok 2020 var 21 starfsmaður á launaskrá. Verkefnastaðan er góð og hjá Kraftbílum horfa menn björtum augum til framtíðar.

Á vörubílaverkstæði Kraftbíla er meðal annars boðið uppá viðgerðir á vörubílum, rútum, vinnuvélum, lyfturum, iðnaðarvélum og landbúnaðartækjum. Þá rekur fyrirtækið sérhæfða varahlutaverslun fyrir þau umboð sem það er þjónustuaðli fyrir ásamt því að þjónusta öll stærri tæki fyrir önnur umboð. Verkstæði Kraftbíla er vel búið og tilbúið að takast á við flóknustu verk, hvort sem um er að ræða rafmagnsviðgerðir, hefðbundnar vélavíðgerðir eða sérhæfðar vökvíðgerðir.

Mælingar og kennsla

Mikil áhersla er lögð á gæði og fagmennsku í starfsemi fyrirtækisins en markmið Kraftbíla er að vera ávallt til staðar fyrir viðskiptavinum og geta boðið upp á góða þjónustu þegar þörf er á. Allir starfsmenn eru vel menntaðir viðgerðarmenn með langa starfsreynslu og lögð er áhersla á að starfsmenn sækji námskeið til kynningar á þeim tækjum og bílum sem verkstæðið þjónustar, og einnig er varðar endurmenntun í bilgreininni.

Kraftbílur er eina verkstæðið á landsbyggðinni sem hefur réttindi til að rétta og mæla upp vörubílagrindur, aftanívagna og snjótennur og er verkstæðið búið nýjum og öflugum tækjum til þess. Fyrirtækið sér einnig um kennslu í bóklegum og verklegum hluta náms í bifvélavirkjun í Verklemtaskólanum á Akureyri með áherslu á stóra bíla og tæki.

Kraftbílur eru aðili að Bilgreinasambandinu.

Nýr varaformaður klár í slaginn

Bergvin Bessason er nýr varaformaður FMA

Bergvin Bessason, blikksmiður hjá Blikk- og tækniþjónustunni á Akureyri, er nýkjörinn varaformaður FMA. Bergvin segist spenntur fyrir nýja hlutverkinu og stefnir á að vekja áhuga ungs starfsfólks og nema á réttinda- og kjarabaráttu.

Bergvin hefur starfað hjá Blikk- og tækniþjónustunni í hátt í tíu ár en ferill hans sem blikksmiður hófst að mörgu leyti fyrir tilviljun.

„Ég slysaðist í rauninni bara alveg óvart inn á skrifstofu hjá Blikk og tækni vorið 2012, það eru komin tíu ár núna í apríl. Þetta er þínu myndin saga, ég gleymi því aldrei þegar ég fór og talaði við þá. Ég fór og sótti um af því að mig vantaði vinnu yfir sumarið.“ Bergvin var spurður hvort hann hefði einhvern tímann unnið iðnaðarvinnu áður en á þeim tímapunkti hafði hann aðallega verið á sjó, var búinn að vera verslunarstjóri í tískuverslun og á dekkja- og smurverkstæðum og í alls kyns störfum. „Ég hafði enga slíka reynslu en tók þó fram að ég kynni að nota verkfæri og að það þyrfti bara að segja mér hvað ég ætti að gera,“ segir Bergvin.

Í starfsviðtalinu var hann einnig spurður um vitneskju sína á loftræstikerfum og hann viðurkenndi að hann hefði ekki neina vitneskju. Hann var þó þyrstur í að sanna sig og fékk starfið. Honum var svo fljótlega boðinn samningur.

„Ég fór þarna inn til að finna mér sumarstarf. Eftir tvo, þrjú mánuði í starfi var ég spurður hvort ég vildi koma á samning. Ég ákvað að láta slag standa, því að mér fannst starfið mjög skemmtilegt. Að fá teikningu í hendurnar, smíða eitthvað frá grunni, setja það upp – og svo allt í einu ertu kominn með fullkomlega nothæft loftræstikerfi! Þetta er mjög skemmtilegt og forvitnilegt fag í rauninni.“

Aftur á skólabekk

Eftir að Bergvin komst á samning tók við nám í blikksmíði í VMA. Hann segist hafa verið staðráðinn í því að klára námið eins fljótt og mögulegt var.

„Ég sökkta mér bara í námið. Þetta var í kringum 2012, ég enginn unglingur lengur og vildi drífa þetta af eins fljótt og hægt væri og vera á vinnumarkaðinum. Þetta voru þrjú ár, þannig ég útskrifað sem blikksmiður 2015, svo tók ég sveinsprófið 2016.“

Bergvin hélt áfram að starfa hjá Blikk- og tækniþjónustunni meðfram náminu og eftir að hann lauk því. „Mér líður mjög vel þar, þetta er góður vinnustaður með góðan mórál. Aðstaðan er góð og við höfum verið að bæta tækjabúnað og annað. Ég hef verið þarna síðan 2012 og það hefur ekkert hvarflað að mér að fara neitt.“

Hefur lengi verið baráttumaður

Það hefur lengi verið mikilvægt fyrir Bergvin að hafa áhrif á réttindi og aðstæður starfsfólks innan vinnustaða og áhugi hans á félagsmálum á sér lengri sögu en ferill hans í blikksmíði.

„Í kringum 2008 var ég að vinna á stað þar sem aldrei gekk upp að ná einhverju fram eða ræða við yfirmenn um vandamál. Þá kviknaði áhugi hjá mér að hafa áhrif. Mér finnst að það eigi eitt að ganga yfir alla og að rétt eigi að vera rétt. Það eru til samningar og það eru til reglugerðir og annað. Öllu þessu þarf að fylgja svo ekki sé mismunur í gangi á vinnustöðum. Þarna fór ég fyrst að velta því fyrir mér hvernig þetta allt saman virkaði og hef síðan þá alltaf verið með þessi mál í huga.“

Árið 2017 var Bergvin ráðinn sem öryggistrúnaðarmaður hjá



Bergvin Bessason, nýr varaformaður FMA í vinnunni á Blikk- og tækniþjónustunni. Hann hefur fulla trú á að hann geti haft jákvæð áhrif í nýju stöðunni, til dæmis með því að ná meira til unga fólksins. „Það þælir rosalega lítið í þessum málum,“ segir hann.

Blikk- og tækniþjónustunni. Í kjölfarið fór hann að kafa dýpra í réttindabaráttu starfsfólks. Bergvin var svo kosinn trúnaðarmaður fyrirtækisins vorið 2021.

„Það var rosalega mikil óvissa þá meðal starfsfólksins hvað væri framundan, stytting vinnuvikunnar var mikið til umræðu og breyting á launum, yfirvinnu og allt þetta. Þá fór ég sjálfur að lesa mér meira til um þetta. Það skildi eiginlega enginn upplýsingatextana og ég hafði gaman að því að geta rýnt í þetta og gefið starfsfólki svör sem við vorum búin að vera að leitast eftir.“

Spenntur fyrir nýju hlutverki

Bergvin var sjálfkjörinn varaformaður FMA en kjör hans verður formlega staðfest á aðalfundi FMA 3. mars nk. Bergvin segir að hlutirnir hafi gerst hratt eftir að Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður félagsins, hafði samband við hann. Bergvin hefur fulla trú á að hann geti haft jákvæð áhrif í nýju stöðunni.

„Ég sé til dæmis fram á að ná meira til unga fólksins, það þælir rosalega lítið í þessum málum, kjarasamningum, veikindaleyfum, launum, pásam og öðru. Þau sem eru að koma ný inn í iðnaðarferðir vita mörg voða lítið um þessi mál, eins og namar og fleiri, og það vantar kannski smá að ná að vekja áhuga. Það er allra hagur af því að sem flestir séu meðvitandi um það hvað er að gerast í kjarasamningum og annað. Það eru því miður til fyrirtæki sem nýta sér það að ganga á rétt fólks sem þekkir ekki réttindi sín. Ég vonast til þess að ná til sem flestra og ná að vekja athygli,“ segir Bergvin.

Vill vekja fólk til umhuðunar

„Þetta er enn allt saman voða nýtt fyrir mér enn sem komið er en ég er bara fullur eftirvæntingar og til í að halda áfram að kynna mér og læra og fá að taka þátt í þessu öllu saman. Þetta er mjög forvitnilegt og það verður gaman að sjá hvaða áhrif maður getur haft.“

Hann segir að það geti verið erfitt að gera einhverjar breytingar þegar menn komi nýir inn. „Það er ekkert endilega það sem ég er að sækjast eftir hvort sem er. Ég vil meira vekja fólk til umhuðunar um hvað er í gangi. Ég hlakka mjög mikið til að fá að takast á við þetta verkefni. Hvað svo verður leiðir framtíðin í ljós. Ég hef reynslu af því að fara beint í djúpu lauginu og ég er til þetta,“ segir Bergvin að lokum.



TIL HAMINGJU!

Við óskum Félagi Málmíðnaðarmanna Akureyri til hamingju með 80 árin

prentmetoddi heildarlausnir í prentun

spak@prentmetoddi.is akureyri@prentmetoddi.is

4 600 700 prentmetoddi.is

Umbúðir Almenn prentun Bækur Límíðar



Fjölmennasti vinnustaður innan félags járníðnaðarmanna

Slippurinn er fjölmennasti vinnustaður félagsmanna í Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri. Þar starfa um 140 manns, þar af um 60 sem eru félagsmenn í FMA. Slippurinn er líka stórtækur í menntun málmíðnaðarmanna og á að jafnaði 3-5 nema í hverju einasta sveinsprófi sem haldið er á félagssvæðinu í stálsmiði og vélvirkjun. „Þetta er okkar leið til að tryggja eðlilega endurnýjun og viðhalda faglegru þekkingu í þessum mikilvægu iðngreinum,“ segir Páll Kristjánsson, framkvæmdastjóri Slippisins. „Margir í þessum hópi starfa áfram hjá fyrirtækinu að loknu námi en aðrir snúa aftur „heim“ eftir starf á öðrum vettvangi sem segir okkur að Slippurinn er góður vinnustaður.“

Allt á einum stað

Kjarnastarfsemi Slippisins snýst um stál- og vélaviðgerðir, klössun og málun skipa. Fyrirtækið markaði sér fljótt sérstöðu sem á ensku kallast „One stop shop“ en gæti útlagst „Allt á einum

stað“ á íslensku. Starfsmenn Slippisins annast flesta þætti endurbótanna en kalla til annað fagfólk þegar þess þarf. Í því felst mikið hagræði fyrir útgerðir viðkomandi skipa. Viðskipti við önnur fyrirtæki á starfssvæðinu eru því mikil og margfeldiáhrifin umtalsverð.

Hörð samkeppni er í greininni innanlands sem og við önnur lönd, ekki síst Danmörku, Noreg, Færeyjar og Pólland. „Margir okkar viðskiptavinir koma aftur og aftur til okkar en það er ljóst að við fáum ekkert verk upp í hendurnar án þess að hafa fyrir því að gengi íslensku krónunnar hverju sinni hefur mikil áhrif á samkeppnisstöðuna,“ segir Páll og segir mikilvægt að skilja þannig við viðskiptavinina að þeir vilji koma aftur.

Þá er innan Slippisins starfrækt öflug hönnunardeild sem vinnur þétt með framleiðsludeild félagsins að hönnun og smíði vinnslubúnaðar jafnt fyrir báta, skip sem og landvinnslur. Einnig



Baldur Pálsson, stálsmiður og Aðalsteinn Pálsson, „alltmuligmann“ á ryðfrúdeild Slippisins setja saman seiðadælu sem notuð er í fiskeldi.



Vélvirki í Slippnum lagfærir skipsskrúfu. Það þarf að rýna vel í myndina til að koma auga á hann.

vinnur hönnunar- og framleiðsludeildin að þjónustu við landeiddisstöðvar í fiskeldi. T.d vinnur Slippurinn náið með Vaka að framleiðslu ýmiss búnaðar til notkunar í fiskeldisstöðvum. Mikill vöxtur er á þessu sviði starfseminnar og mörg verkefni framundan.

Byltingarkennd færavinda á markaðinn

Slippurinn framleiðir hinar sívinsælu DNG-færavindur. Útgáfan sem kallast C-6000 hefur selst í bílförum frá því að hún kom fyrst á markaðinn árið 1995 og hefur verið uppfærð margt síðan þá.

Í lok mars mun Slippurinn setja á markað nýja, byltingarkennda útgáfu af þessari vinsælu færavindu. Hún ber heitið C-7000. Útlitið er svipað en hugbúnaðurinn, önnur tæknileg útfærsla sem og vinnslugeta er af nýrri kynslóð, ef svo má segja. Óhætt er að fullyrða að nýju færavindunnar er beðið með mikilli eftirvæntingu í sjávarútvegi.



Helgi Stefánsson, verkstjóri í rennideild Slippisins og Einar Schiöth, nemi í rennismíði.



Fyrirtækið hefur nokkra vottaða rafsuðumenn í sínum röðum.



Starfsmenn gera sér gláðan dag í sumargrilli fyrir nokkrum árum. Sigurður G. Ringsted, framkvæmdastjóri Útrásar, stendur við borðsendann.



Holutoppur í smíðum í beistareykjavirkjun.

Stálmiðjan Útrás

Verkfræðistofan Útrás ehf. var stofnuð á Akureyri 1993. Fyrstu árin var félagið aðallega í ráðgjafar- og hönnunarverkefnum á sviði véla-, orku- og skipaverkfræði. Starfsemin var útvíkkuð árið 2005 og samhliða verkfræðistofunni hafinn rekstur stálsmiðju.

Frá árinu 2007 hefur starfsstöð fyrirtækisins verið á Akureyri. Árið 2013 var nafninu breytt í Stálsmiðjan Útrás ehf. og er lögð höfuðáhersla á verktakastarfsemi í málmiðnaði með tilfallandi hönnunar- og ráðgjafarverkefnum.

Starfsmenn eru venjulega í kringum 15. Flestir starfsmenn eru með sveinspróf í stálsmíði og nokkrir þeirra að auki vottaðir rafsuðumenn. Fyrirtækið hefur á undanförunum árum skilað af sér nokkrum sveinum í stálsmíði.

Fjölbreytileg verkefni

Stálsmiðjan Útrás hefur komið að ýmsum virkjanafarmvæmdum, svo sem Kárahnjúkavirkjun, Reykjanesvirkjun, Hellisheiðarvirkjun, Lagarfljótsvirkjun, Kröfluvirkjun, Laxárvirkjun, beistareykjavirkjun og Glerárvirkjun II. Einnig hefur fyrirtækið tekið að sér ýmis verkefni fyrir Gufuafsvirkjunina í Bjarnarlagi, Álverið á Reyðarfirði, Járblendið á Grundartanga, Moltuverksmiðjuna í Eyjafirði, Þörungaverksmiðjuna á Reykhólum, Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki, Kísilmálverksmiðjuna á Bakka, Norðurorku á Akureyri og Fallorku á Akureyri.

Meðal annarra verkefna sem fyrirtækið hefur komið að má nefna nýja sundlaug í Hrísey, stækkun Glerártorgs á Akureyri, byggingu Hofs - menningarhúss á Akureyri, nýrrar Bónusverslunar á Akureyri, stækkun Háskólans á Akureyri, byggingu Naustaskóla á Akureyri, íþróttahúss á Dalvík, þjónustuhúss við Akureyrarhöfn, Norðurljósaseturs í Reykjadal og séð um ýmsa smíði og niðursetningu á vélbúnaði og lögnum í nýja skólphreinsistöð á Akureyri. Enn fremur má nefna smíði göngubrúar yfir stífluna fyrir Glerárvirkjun II og göngu- og reiðbrúar yfir Eyjafjarðará, auk þess að þjónusta ýmis fyrirtæki og byggingaverktaka á Akureyri og nágrenni við ýmsa nýsmíði, viðhaldsverk og endurbætur.

Nokkur stálgrindarhús hafa verið smíðuð og aðrar framleiðsluvörur eru hjólagrindur, snjósleðalyftur, mótörhjólaolyftur og skýli fyrir sorptunnur.



Stálgrind í smíðum á Kárhóli.



Haukur Fannar Möller og Stefán Ásgeir Eyfjörð Ásgeirsson að störfum.

SENDUM FÉLAGSMÖNNUM FMA KÆRAR AFMÆLISKVEÐJUR



Útrás

Smiðja



NHANSEN





Heimir Gunnar Hansson önnur kafinn.



Kristján Haraldsson og Freysteinn Ragnarsson að störfum.

SR Vélaverkstæði hf. á Siglufirði var stofnað árið 1935, þá sem sjálfstæð rekstrareining innan Sildarverksmiðja ríkisins, síðar SR Mjöls. Þjónusta við fiskimjöls- og lýsisframleiðslu var veigamikill þáttur í starfseminni á fyrstu áratugunum en vélaverkstæði, trésmiðaverkstæði og byggingavöruverslun eru meginstöðirnar í starfseminni í dag.



Kristján Haraldsson, Heimir Gunnar Hansson og Hilmar Elefsen stilla sér upp fyrir ljósmyndarann.



Hilmar Símonarson og Hilmar Elefsen að störfum.

Fyrirtækið hefur verið í eigu starfsmanna og nokkurra annarra aðila frá 1. mars 2003. Síðar það ár setti SR Vélaverkstæði á stofn byggingavöruverslunina SR Byggingavörur ehf. og rekur enn í dag. Þjónusta SR-Bbygg við íbúa Fjallabyggðar og nágrennis hefur aukist jafnt og þétt allt frá stofnun þess.

Rúmlega 20 starfsmenn

Hjá fyrirtækinu starfa 21 starfsmáður sem allir búa að fjölbreyttri menntun og reynslu, en þeirra á meðal eru rennismiðir, vélvirkjar, húsasmiðir, bifvélavirkjar, plötusmiðir og stálsmiðir. Starfsmenn í byggingavöruversluninni eru tveir.

Vélaverkstæðið er vel tækjum búð, það skiptist í renniverkstæði og plötusmiðju. Það hefur verið starfrækt í sama húsnæði allt frá stofnun fyrirtækisins, eða í 85 ár. Byggt hefur verið við húsakost félagsins á þessum árum, miklu viðhaldi sinnt og ýmsar breytingar gerðar.

Í dag fer starfsemi fyrirtækisins fram í tveimur húsum, annars vegar SRV þar sem renniverkstæðið er til húsa, trésmiðaverkstæði og starfsmannaaðstaða og hins vegar í SRN, en þar er plötusmiðja, plötulager, stangaefnislager og starfsmannaaðstaða. Gólfplötur plötusmiðju er um 450 fm. og renniverkstæðis um 470 fm.

SENDUM FÉLAGSMÖNNUM FMA KÆRAR AFMÆLISKVEÐJUR



STRIKIÐ
RESTAURANT & BAR

G. HJÁL MARSSON
AKUREYRI



SAMHERJI HF

FROST

Kælismiðjan Frost ehf.



Höfuðstöðvarnar á Akureyri.



Úr vinnslusal Frosts á Akureyri.

Kælismiðjan Frost á ættir sínar að rekja til ársins 1946 þegar Sveinn Jónsson stofnaði fyrirtækið Sveinn Jónsson Kælivélar sem síðar varð SJ Frost. Í desember 1993 ákváðu 4 fyrrum eigendur SJ Frosts og 11 starfsmenn Slippstöðvarinnar Odda hf. að stofna nýtt fyrirtæki og Kælismiðjan Frost varð til í þeirri mynd sem hún er í dag.

Kælismiðjan Frost hannar, framleiðir og þjónustar allar gerðir af kæli- og frystikerfum til varðveislu matvæla. Á fyrstu árum félagsins var mikill uppgangur í uppsjávarveiðum við Ísland og Frost bauð upp á mjög frambærilegar lausnir. Starfsmannafjöldi fór fljótt úr 15 í 40 manns. Eftir aldamót varð Frost hluti af Stáltaki í skamma stund og hét þá Stáltak-Frost. Árið 2005 keypti svo hluti starfsmanna Frosts, ásamt Kaldbaki og Óskari Þórðarsyni, félagið aftur af Stáltaki. Óskar seldi svo sinn hlut til KEA en starfsmenn Frosts eiga enn ráðandi hlut í félaginu.



Guðmundur Hannesson, framkvæmdastjóri Frosts.

Þarna var Gunnar Larsen, tæknifræðingur orðinn framkvæmdastjóri og hann hélt um stjórnartaumana til loka ársins 2020. Guðmundur Hannesson tók við starfinu af Gunnari en hann sinnti áður starfi sölu- og markaðsstjóra í hartnær 20 ár.

Hjá Frosti starfa ennþá 8 af 15 stofnendum félagsins eftir 28 ára sögu félagsins þeir eru: Guðmundur Hannesson, Bragi H. Kristinnsson, Smári Árnason, Jón G. Sigurjónsson, Sigurður Tryggvason, Sævar Pálsson, Hermann Vilmundarsson og Einar Eyjólfsson. Frost hefur í gegnum tíðina verið afar lánsamt með gríðarlega reynslumikinn starfsmannahóp og breiðan hóp metnaðarfullra yngri manna.

Velta félagsins hefur tífaldast frá árinu 2005 og starfsmenn eru nú um 70 talsins. Höfuðstöðvar félagsins eru að Fjölningötu 4 á Akureyri en starfsstöðvar í Garðabæ, á Selfossi og í Danmörku. Verkefni Frost hafa vaxið bæði á Íslandi sem og erlendis. Frost hefur m.a. tekið að sér að hanna og skila frystikerfi fyrir stærstu uppsjávarverksmiðu heims og nú stendur yfir vinna við að hanna NH3/CO2 Cascade kerfi í stærsta frystiskip sem smíðað hefur verið í Rússlandi. Það er mikið undir í verkefnum hjá Frosti bæði hér heima og víða erlendis og spennandi tímar framundan.

MÁLMIÐNAÐARMENN Í FMA TIL HAMINGJU MEÐ 80 ÁRA AFMÆLIÐ



Bifreiðaverkstæði
Bjarnhéðins ehf.

Fjölningötu 2a - 603 Akureyri - Sími 462 2499 / 898 6397
Kennitala 600194-2679 . Vsknr. 40981

Pólyhúðun
Akureyri




EYJAFJARDARSVEIT



STEINULL HF



Virkt afl á vinnumarkaði



KJÖLUR

Stéttarfélag starfsmanna
í almannþjónustu



KRAFTBÍLAR




www.tunnan.is S. 467-1288

auglit

FMA **80** ÁRA

Lil hamingju með afmælið!



**FÉLAG MÁLMIDNADARMANNA
AKUREYRI**

**ÞÖKKUM SAMSTARFIÐ
Í GEGNUM ÁRATUGINA**

**B BLIKKRÁS EHF
AKUREYRI**



*Ást er... **



... Að gefa henni blikk.

blikkras.is

blikkras@blikkras.is